



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2014

Lögð fram á ársþingi 2. maí 2015

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	7
Skýrsla stjórnar.....	7
Stjórn FSÍ og starfsfólk	7
Einkunnakerfi tekið í notkun	8
Innlent starf.....	8
Fundir haldnir á árinu.....	8
Erlent samstarf.....	9
Fimleikar og fjölmiðlar	9
Samstarfsaðilar	10
Evrópumótið í hóp fimleikum	10
Undirbúningur.....	10
Samstarfsaðilar	10
Sjálboðaliðar	11
Framkvæmd	11
Undirbúningsnefnd og stármenn	11
Nefndir starfandi á árinu.....	12
Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)	12
Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)	12
Tækninefnd í hóp fimleikum (THF)	12
Fimleikar fyrir alla (FFA)	12
Fræðslunefnd	12
Laganefnd.....	12
Fimleikafólk ársins 2014.....	13
Fimleikakona ársins: Sif Pálsdóttir	13
Fimleikamaður ársins: Valgarð Reinhardsson.....	13
Afreksbikar	13
Lið ársins	13
Fjölmiðlaverðlaun FSÍ.....	14
Helstu afrek ársins 2014.....	14
Silfur á Evrópumótinu í hóp fimleikum	14
Silfur á Norðurlandamóti í áhaldafimleikum.....	14
Brons í liðakeppni kvenna, í áhaldafimleikum, á Norðurlandamóti	14
Brons á Evrópumóti unglínga í hóp fimleikum.....	14

Brons á Norðurlandamóti unglunga.....	15
Gull á Norðurlandamóti drengja	15
Varamaður í úrslitum á Evrópumeistaramóti	15
18. sæti á stökki á Heimsmeistaramótinu í Kína.....	15
102. sæti á HM.....	15
Íslandsmeistari í áhaldafimleikum	15
Íslandsmeistarar í hópfimleikum.....	15
Bikarmeistarar í áhaldafimleikum.....	15
Bikarmeistarar í hópfimleikum	15
Innlend mót.....	15
Reykjavík International	15
Prepamót í 4. og 5. þrepi	15
Prepamót í 1. – 3. þrepi	16
Íslandsmót Unglinga í hópfimleikum	16
Bikarmót í 4. – 5. þrepi.....	16
Bikarmót í 3. – 1. þrepi og frjálsum æfingum	16
Bikarmót í hópfimleikum	16
Íslandsmót í þrepum (var skipt í tvennt vegna ófærðar)	16
3. – 5. þrep og Special Olymics	16
Íslandsmót í áhaldafimleikum.....	16
Íslandsmót í hópfimleikum	16
Mílanó meistaramót	16
Fimleikalíff.....	16
Bikarmót í Stökkfimi.....	16
Vormót í hópfimleikum.....	17
Styrktaraðilamót FSÍ.....	17
Haustmót í 4. – 5. þrepi	17
Haustmót í 3. – 1. þrepi og frjálsum æfingum	17
Íslandsmótið í Stökkfimi.....	17
Haustmót í hópfimleikum	17
Erlend mót	17
Berlínar Cup	17
Heimsbikarmót.....	17
Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum	17

Norðurlandamót unglinga.....	17
Evrópumót í áhaldafimleikum kvenna	18
Evrópumót í áhaldafimleikum karla	18
Norðurlandamót u-14	18
Norður – Evrópumót	18
Evrópumót í hóp fimleikum	18
Heimsmeistaramót.....	18
Skýrsla Fræðslunefndar.....	18
Tafla yfir fræðsludagskrá FSÍ 2014 – 2105	19
Skýrsla nefndar um fimleika fyrir alla	21
EUROGYM (EG)	21
European Gym for Youth Challenge (EGFY)	22
Golden Age (GA).....	22
Gymnaestrada.....	22
FIMLEIKALÍF.....	22
Bæklingur	23
Annað	23
Hugleiðing 2015	23
Skýrsla vegna setu Hlífur Þorgeirsdóttur í TC-GFA-UEG.....	24
EUROGYM (EG)	25
European Gym for Youth/Life Challenge (EGFL).....	25
Golden Age (GA).....	26
Educational Choreo-Camp (ECC).....	26
Seminar Gymnastic for fun	26
Bókin	26
Fundir	27
Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum	28
Haldið var Dómaramámskeið í byrjun september fyrir E-dómara	29
Tokyo 2020 verkefnið.	29
Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum.....	29
Starfsskipan innan nefndarinnar:.....	29
Almenn störf nefndarinnar:	30
Dómaramál:	30
Skipulagning móta:.....	30

Verkefni:.....	30
Pakkir:	30
Skýrsla tækninefndar í hópímleikum	31
Nefndina skipuðu:.....	31
Keppnisreglur á Íslandi.....	31
Innlend mót.....	31
Úrtökumót fyrir Norðurlandamót fullorðina	31
Dómaranámskeið	32
Dómaraskipan á mót.....	32
Keppnisnúmer	32
Stökkfimi	32
Evrópumótið í hópímleikum	32
Fjölmíðlar	32
Skýrsla landsliðsþjálfara í hópímleikum.....	33
Undirbúningur landsliðanna fyrir Evrópumótið í hópímleikum 2014.....	33
Úrvalshópar.....	33
Æfingabúðir	34
Landsliðshópur valinn	34
Hvað getum við lært ?.....	35
Skýrsla landsliðsþjálfara í áhaldafímleikum kvenna.....	36
Úrvalshópar.....	36
Umgjörð	37
Æfingar	38
Landslið	38
Markmið.....	39
Varamaður í úrslitum á stökki.....	40
Tokyo 2020.....	41
Skýrsla landsliðsþjálfara í áhaldafímleikum karla	41
Val í úrvalhópa:	42
Val í landslið:	42
Landliðsæfingar:.....	42
Upplýsingar:	42
Landsliðsverkefni síðasta árs:	42
Yfirlit – ýmsar upplýsingar.....	43

Starfsmerki FSÍ	43
Gullmerki FSÍ	43
Afreksmerki FSÍ	44
Heiðursskjöldur fyrir brautryðjendastörf	44
Heiðursfélagi FSÍ.....	44
Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum	44
Íslandsmeistarar í hópfimleikum.....	45
Formenn FSÍ	46
Fimleikamenn ársins	46
Skráðir keppendur félaga á FSÍ mót 2014	47
Landsliðskeppendur í áhaldafimleikum 2014	48
Landsliðskeppendur í hópfimleikum 2014.....	48

Ávarp formanns

Árið 2014 var fimleikahreyfingunni farsælt ár og einstaklega lærdómsríkt. Margir sigrar voru unnir á árinu og hefur verið ánægjulegt að vera hluti af þessum krafti sem býr í hreyfingunni þegar hún stendur saman og vinnur að sameiginlegum markmiðum. Við höfum sýnt í verki, meðal annars með Evrópumótinu í hópfimleikum sem er stærsta verkefni sem Fimleikasambandið hefur ráðist í, að sameinuð stöndum vér og getum unnið þrekvirki.



Við stöndum vissulega frammi fyrir áskorunum í nánustu framtíð sem hreyfingin verður að takast í við sem ein heild. Okkar næsta stóra verkefni eru Smáþjóðaleikarnir og ég hlakka til að upplifa fimleikakraftinn koma saman og búa eftirminnilega upplifun fyrir unga sem aldna fimleikaunnendur.

Arnar Ólafsson,
Formaður

Skýrsla stjórnar

Stjórn FSÍ og starfsfólk

Á fimleikabingi 2014 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Arnar Ólafsson, formaður.

Aðrir stjórnarmenn eru: Einar Ólafsson, varaformaður, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Kristinn Arason, meðstjórnandi.

Stjórn hélt reglulega fundi á árinu auk þess að hittast í smærri hópum við vinnu að einstökum málefnum. Auk stjórnarmanna, sátu fulltrúar eftirfarandi nefnda sem áheyrnafulltrúar með fullt málfrelsi og tillögurétt. Þessir aðilar voru: fulltrúi tækninefndar kvenna, fulltrúi tækninefndar karla, fulltrúi tækninefndar í hópfimleikum, fulltrúi laganefndar, fulltrúi fræðslunefndar og fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla.

Helgi Jóhannesson lét af störfum framkvæmdastjóra í febrúar og gekk Þorgerður Laufey Diðriksdóttir í hans störf fram að þingi sambandsins í maí. Jósep Húnfjörð lét af störfum vegna anna undir lok tímabilsins, Guðrún Haraldsdóttir og Þorgerður Laufey Diriksdóttir, létu af störfum á þingi og færir stjórn þeim þakki fyrir þeirra framlag til fimleikahreyfingannar.

Eva Hrund Gunnarsdóttir var ráðinn í starf framkvæmdastjóra í júní og hóf hún formlega störf 15. september. Fyrir á skrifstofunni voru þær Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og mótamála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Landsliðsþjálfarar voru að störfum allt árið. Áhaldafimleikar kvenna: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir í samstarfi við dómarnefnd skipaða þeim Berglindi Pétursdóttur og Hlín Bjarnadóttur, alþjóðlegum dómurum og meðlimum í tækninefnd kvenna. Áhaldafimleikar karla: Róbert Kristmannsson í samstarfi við dómarnefnd skipaða þeim Birni Magnúsi Tómassyni og Sigurði Hrafn Péturssyni, alþjóðlegum dómurum og meðlimum í tækninefnd karla. Í tengslum við Evrópumótið í hópfimleikum voru ráðnir 15 landsliðsþjálfarar til starfa á árinu en gerð er grein fyrir þeirra störfum seinna í skýrslunni.

Starfsemi Fimleikasambandsins hefur sjaldan verið jafn yfirgríps mikil þar sem að sambandið stóð fyrir þeim erlendum verkefnum á árinu, Norðurlandamóti unglunga í hóp fimleikum, Norðurlandamóti u-14 í áhaldafimleikum og Evrópumóti í hóp fimleikum.

Fimleikasambandið stóð fyrir 20 mótum á árinu og tók þátt í 9 erlendum verkefnum. Mótahald er sívaxandi ár frá ári og hefur t.d. vaxið um hátt í 40% frá árinu 2010.

Einkunnakerfi tekið í notkun

Haustið 2014 var tekið í notkun einkunnakerfi sem styður vel móthald Fimleikasambandsins. Umsjón með innleiðingu kerfisins var á höndum sviðsstjóra fræðslu- og mótamála Írisi Svavarsdóttur og Kristins Arasonar, stjórnarmanns. Kerfið er keyrt á netinu og gerir þeim sem fylgjast með mótinu kleift að sjá einkunnir um leið og þær birtast. Kerfið heitir Scoresystems og kemur frá sænsku fyrirtæki en kerfið er einnig notað af Svíum og Dönum. Við teljum kerfið setja mótahald á Íslandi á hærra plan, þar sem að upplýsingar um einkunnir berast áhorfendum, fjölmiðlum og þeim sem fylgjast með heima í stofu, strax. Einnig auðveldar kerfið mikið vinnslu á gögnum fyrir mótshaldara og úrslit eru tilbúin um leið og síðasta einkunn hefur verið stimpluð inn. Ánægja ríkir í fimleikahreyfingunni með kerfið og er það von okkar að framtíðin beri í skauti sér skjái sem geri okkur kleift að birta einkunnina strax við hvert áhald.

Innlent starf

Gríðarlegur vöxtur hefur verið í Fimleikasambandinu undanfarin ár. Vöxtinn má mæla í iðkendamótum ÍSÍ, en fimleikar eru nú með 11.248 iðkendur, fjórða stærsta greinin innan ÍSÍ, smekkkfull hús og langa biðlista í næstum öllum félögum á landinu.

Fimleikar eru stærsta íþróttagreinin iðkuð af konum og næststærsta greinin 18 ára og yngri. 25% af öllum stúlkum 6-18 ára í landinu stunda fimleika og hefur verið mælanleg aukning í þátttöku drengja undanfarin ár, þar sem þeir eru nú orðnir 35% af þeim sem stunda fimleika innan FSÍ en voru 18% árið 1996.

Þó nokkur félög hafa á undanförunum árum fengið nýja aðstöðu fyrir sína starfsemi, nú státar fimleikahreyfingin sig af aðstöðu á heimsmælikvarða. Það sem þau félög, sem hafa verið í þessari stöðu eiga sameiginlegt, eftir að hafa fært starfsemi sína í nýtt hús er að starfsemin sprengdi stærðina fjótt utan af sér. En ekki hafa öll félög fengið fjármagn til að bæta sína aðstöðu en betur má ef duga skal, tvö félög til viðbótar eru að fá ný hús á næstu misserum. Fjörnir stefnir á að hefja starfsemi í nýju húsi haustið 2015 og Gerpla hefur fengið samþykki fyrir nýju húsi sem hefur verið sett á skipulag bæjarins fyrir árið 2016.

Með áframhaldandi fjölgun í hreyfingunni og komu nýrra húsa, stefnir iðkendamót sambandsins í 15.000 árið 2016. Nú þegar hefur þjálfaraskortur verið að gera vart við sig í hreyfingunni og því ærið verkefni fyrir hreyfinguna að hlúa vel að þjálfurum fyrir fjöldann sem sækist eftir því að vera fimleikamaður í nánustu framtíð.

Fundir haldnir á árinu

18. febrúar var haldinn sameiginlegur tækninefndarfundur í fundarsölum ÍSÍ, þar sem markmiðið var að auka samstarf nefnda og skrifstofu

13. september fór fram samráðsfundur þjálfara. Á fundinum fóru THF, TKV og TK fara yfir kröfur móta, auk þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á undanþágum í hóp fimleikum og fimleikastiganum í áhaldafimleikum. Einnig fór Fræðslunefnd yfir fræðsluáætlun vetrarins og kynnti breytingar á 2. stigi í fræðslukerfinu.

13. september var formannafundur, þar sem farið var yfir verkefni vetrarins. Evrópumótið í hóp fimleikum var kynnt og mótakerfið kynnt.

30. september fór fram kynningarfundur um Gymnastrodu og kynningarfundur fyrir félög og félagsþjálfara um landsliðsmál ársins 2015

Uppskeruhátið fyrir árið 2013 var haldin í hátíðarsal TM í ársbyrjun 2014, stjórn þakkar TM höfðinglegar móttökur og notalega samverustund. Upplýsingar um viðurkenningar er að finna aftar í skýrslunni ásamt yfirliti yfir fimleikafólk ársins.

Erlent samstarf

Fulltrúar FSÍ hafa tekið þátt í margvíslegum alþjóðlegum verkefnum undanfarin ár. Öflugir sjálfboðaliðar í hreyfingunni hafa varðað sporin í þátttöku okkar á árum áður og má þar einna helst nefna heiðursfélaga FSÍ, Birnu Björnsdóttur, sem sat í tvö ár í FIG-council og um árabíl í Fimleikasambandi Evrópu (UEG).

Hlíf Þorgeirsdóttir er varaformaður TC-GFA-UEG, á sínu öðru tímabili í þeirri nefnd sem vinnur með málefnið fimleikar fyrir alla. Hlíf hefur hlotið mikið lof fyrir sín störf og getur íslenska hreyfing verið stolt af hennar störfum á alþjóðlegum vettvangi.

Sólveig Jónsdóttir er í tækninefnd UEG í hóp fimleikum, en hún hóf störf með nefndinni í janúar 2014 og var eitt af hennar fyrstu verkefnum að vinna málum Evrópumótsins í hóp fimleikum.

Anton Þórólfsson og Harpa Óskarsdóttir var boðið af FIG að dæma á Olympíuleikum ungmenna (Youth Olympic games) sem haldnir voru 16.-28. ágúst 2014 Nanjing í Kína. Þau hafa bæði verið að standa sig mjög vel í dómgæslu og eru ungum dómurum í hreyfingunni fyrirmynd.

Berglind Pétursdóttir okkar reyndasti dómari heldur áfram að standa sig framúrskarandi á alþjóðlegum vettvangi. Á Evrópumótinu í Búlgaríu var hún valin til að vera yfirdómari á gólfi, en hún er oftast ekki valin til ábyrgðarstarfa bæði á vegum UEG og FIG.

Á Evrópumótinu í hóp fimleikum sem fram fór á Íslandi var Hrafnhildur María Gunnarsdóttir, valin til að vera yfirdómari á gólfi í kvennakeppninni og tók þar af leiðandi þátt í að velja dansara mótsins fyrir Alls stars liðið. Olga Bjarnadóttir var valin til að vera erfiðleikadómari á dýnu í karlakeppninni og Auður Inga Þorsteinsdóttir var valin til að vera erfiðleikadómari á gólfi í keppni blandaðra liða.

Fimleikar og fjölmiðlar

- Höfum gert samning við Rúv til ársins 2016
- Erum með 3-4 beinar útsendingar á ári
- 2-3 þættir á ári
- 34,7% áhorf á EM 2014
- Þættirnir okkar hafa verið að fá um 36% áhorf
- Erum orðin mun vinsælla fréttæfni á netmiðlum undanfarin ár

Facebook síða sambandsins er komin með yfir 3100 like, við höfum verið að nota síðuna meira markvisst núna og höfum unnið með fjölmiðlafulltrúa í félögunum á mótum til að koma myndefni frá okkur í rauntíma. Þessi vinna hefur verið skila sér og er mikil umferð á síðunni og hafa yfir 8.000 manns verið að skoða færslur frá okkur.

Samstarfsaðilar

Á árinu voru undirritaðir samstarfssamningar til 3 ára við WOW – air og Subway. Samingarnir eru fimleikahreyfingunni mikið ánægjuefni og sýna bersýnilega að fimleikar eru greinin sem vex hvað mest í landinu.

Það má því segja að fimleikaæðið sem gripið hefur um sig í samfélaginu okkar er komið til að vera og fimleikahreyfingin blómstrar sem aldrei fyrr.

Stjórn Fimleikasambandsins færir þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg á síðasta ári, félögum sem komu að móta og námskeiðahaldi og nefndarfólki sambandsins, þakkir fyrir þeirra störf á árinu.

Evrópumótið í hóp fimleikum

Óhætt er að segja að Evrópumótið í TeamGym sé stærsta verkefni sem sambandið hefur ráðist í og tókst hreyfingunni einstaklega vel upp.

Undirbúningur

Í lok árs 2012 samþykkti þáverandi stjórn að taka þátt í umsóknarferli fyrir Evrópumótið í TeamGym 2014. Eftir strangt umsóknarferli var mótinu úthlutað til sambandsins og þá þegar var undirbúningsnefnd mótsins sett á laggirnar. Undirbúningsnefnd hittist í fyrstu upp. Einu sinni í mánuði en fundartímar urðu sífellt örari eftir því sem nær dróg mót og voru daglega vikurnar fyrir og um mótið. Markmiðin voru strax sett á að halda glæsilegasta evrópumót sem haldið hafði verið, að skapa tekjur fyrir fimleikahreyfinguna og síðast en ekki síst að auka hróður íslenskra fimleika jafnt innanlands sem erlendis.

Samstarfsaðilar

Reykjavíkurborg studdi við mótið með miklum myndarbrag. Fjölmörg fyrirtæki komu að framkvæmd mótsins þeirra stærst ISH sem sá um húsnæðið, Athygli Ráðstefnur sem sá um gistingu, samgöngur og mat þátttakenda, Exton sem sá um hljóð og ljós, Arena Seating sem sáu um áhorfendapalla og

Serrano sem sá um veitingasölu. Að auki gékk Fimleikasambandið til samstarfs við Samskip, Ölgerðina, WOW og LEG svo einhverjir séu nefndir. Kunnum við þessum aðilum þakkar fyrir.

Sjálfbóðaliðar

Kraftur fimleikahreyfingarinnar sýndi sig í verki en að mótinu komu um 500 sjálfbóðaliðar sem fylltu um 1.200 stöðugildi í um 5.000 klst. Margir voru alla keppnisdagana og jafnvel síðustu dagana fyrir mótið frá morgni til kvölds. Það er ljóst að mót sem þetta verður ekki haldið nema með samrýmdu átaki heillar hreyfingar og það var magnað að sjá þennan hráa kraft sem býr í hreyfingunni. Þeim aðilum sem unnu á mótinu sem sjálfbóðaliðar þökkum við kærlega fyrir.

Framkvæmd

Í stuttu máli tókst framkvæmd mótsins með stakri þrýði, og í raun svo vel að markmið sambandsins náðust og gott betur því hvort sem það voru fulltrúar landanna eða UEG voru allir yfir sig hrifnir og hlóðu sambandið lofi fyrir frábæra framkvæmd bæði í ræðu og riti. Um 12.000 manns mættu á dagana fjóra en pláss var fyrir um 16.000 og gríðarlega stemning var í húsinu síðasta daginn enda uppselt og gott betur.

Undirbúningsnefnd og starmenn

Í upphafi samanstöð undirbúningsefndin af eftirfarandi

- Arnar Ólafsson
- Sólveig Jónsdóttir
- Íris Svavarsdóttir
- Eyrún Jónsdóttir
- Olga Bjarnadóttir
- Helga Svana Ólafsdóttir
- Hrund Þorgeirsdóttir
- Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir
- Auður Inga Þorsteinsdóttir
- Ása Inga Þorsteinsdóttir
- Guðný Gísladóttir
- Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, fyrri hluti árs 2014

Þegar leið nær móti bættust eftirfarandi við:

- Hrefna Sveinbjörnsdóttir
- Eva Hrund Gunnarsdóttir
- Kristinn Arason
- Kristján Erlendsson
- Rakel Tómasdóttir
- Kristín Hálfánardóttir
- Íris Mist Magnúsdóttir
- Halla Karí Hjaltsted
- Sæunn Viggósdóttir
- Hlín Bjarnadóttir
- Kristín Gísladóttir
- Guðjón Einar Guðmundsson

Stjórn er þakklát fyrir ykkar óeigingjarna framlag.

Stafsmenn

- Jón Trausti Sæmundsson, 6 mánuðir
- Hrunn Þorgeirsdóttir, 3 mánuðir

Setningarathöfn

- Aldís Eik Arnarsdóttir
- Jóna Kristín Benediktsdóttir

Setningarathöfn mótsins var einstaklega glæsileg og hefur fengið hrós alls staðar að. Áhorfendur sátu með gæsaúð og tár í augum og nutu sýningarinnar. Stjórn færir þeim Aldísi og Jónu bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Nefndir starfandi á árinu

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á árinu 2014 - 2015.

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

Formaður kosinn á þingi: Berglind Pétursdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári: Hlín Bjarnadóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyri Ragnarsdóttir og Sif Pálsdóttir.

Halla Karí Hjaltsted hóf störf með tækninefndinni en lét af stöfum á tímabilinu vegna anna, hennar sæti tók Ragna Þyri Ragnarsdóttir. Vill stjórn nota tækifærið og þakka Höllu Karí fyrir vel unnin störf í þágu fimleikahreyfingarinnar.

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)

Formaður kosinn á þingi: Sigurður Hrafn Pétursson

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd karla á síðasta starfsári: Axel Bragason, Axel Ólafur Þórhannesson, Björn Magnús Tómasson og Anton Þórólfsson.

Tækninefnd í hóp fimleikum (THF)

Formaður kosinn á þingi: Olga Bjarnadóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd í hóp fimleikum á síðasta starfsári: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, meðstjórnandi, Hrafnhildur María Gunnarsdóttir, varaformaður, Íris Mist Magnúsdóttir, ritari og Karen Jóhannsdóttir, meðstjórnandi.

Fimleikar fyrir alla (FFA)

Formaður kosinn á þingi: Hlíf Þorgeirsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu nefnd um fimleika fyrir alla á síðasta starfsári: Guðrún Tryggvadóttir, Helga Bára Bartels Jónsdóttir, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eypórsdóttir og Sæunn S. Viggósdóttir.

Fræðslunefnd

Formaður kosinn á þingi: Hlín Bjarnadóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu fræðslunefnd á síðasta starfsári: Andrea Dan Róbertsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Auður Ólafsdóttir og Sesselja Järvelä.

Laganefnd

Formaður kosinn á þingi: Jón Finnbogason.

Eftirtaldir aðilar skipuðu laganefnd á síðasta starfsári: Hjalti Geir Erlendsson, Þóra Margrét Hjaltsted

Fimleikafólk ársins 2014

Fimleikakona ársins: Sif Pálsdóttir

Sif vann til silfurverðlauna á Evrópumótinu í hópfimleikum sem fram fór í glæsilegri umgjörð Fimleikasambandsins í október. Sif gegndi lykilhlutverki í kvennalandsliðinu bæði innan vallar sem utan. Sif sýndi mikla áræðni og einurð þegar hún vann sig upp úr erfiðum meiðslum sem hún lenti í á undirbúningstímabili mótsins og skilaði æfingum sínum frábærlega á öllum áhöldum. Hún var valin fyrirliði liðsins af liðsfélögum sínum og sinnti því hlutverki af strakri þryði.

Sif hefur á undanförunum árum verið einn af máttarstólpum íslenska landsliðsins og unnið með því til tveggja gullverðlauna á Evrópumótum, enda ein reyndasta og sigursælasta fimleikakona landsins, í bæði áhalda- og hópfimleikum, frá upphafi.

Á árinu varð hún einnig Íslands- og bikarmeistari félagsliða með kvennaliði Íþróttafélagsins Gerplu.

Sif er frábær fyrirmynd, góður og traustur liðsmaður og algjör lykilmanneskja í íslenska landsliðinu.

Fimleikamaður ársins: Valgarð Reinhardsson

Valgarð 18 ára fimleikamaður úr Gerplu, kom upp úr unglingsaflokki á árinu og keppti á sínu fyrsta ári í karlaflokki með miklum glæsibrag.

Valgarð stundar fimleika hjá fimleikafélaginu Alta í Kanada, en félagið var kosið besta fimleikafélagið í Kanada árið 2013. Á sínu fyrsta ári varð hann í 12. sæti á kanadíska meistaramótinu og í 11. sæti á Elite Canada, sem er mót þeirra bestu þar í landi og einungis þeir sem hljóta boð fá þátttökurétt.

Valgarð toppaði svo gott gengi á árinu, þar sem hann náði einn lágmörkum í karlaflokki frá Íslandi, á Heimsmeistaramótið í Kína. Þar bætti hann um betur og náði sinni hæstu einkunn á árinu sem jafnframt er hæsta einkunn sem íslenskur fimleikamaður hefur náð í þessum Ólympíuhring.

Með áframhaldandi vinnusemi og metnaði má ætla að þessi ungi afreksmaður sé til alls líklegur á næstu árum, við hvetjum alla til að fylgjast með Valgarð á vegferð sinni þar sem hann hefur sett sér að skrifa nýjan kafla í íslenska fimleikasögu.

Afreksbikar

Afreksbikar FSÍ er veittur fyrir það afrek sem stjórn Fsí telur hafa staðið upp úr á árinu og að þessu sinni hlýtur Norma Dögg Róbertsdóttir afreksbikarinn fyrir afrek sitt á Heimsmeistaramótinu í Kína.

Á Heimsmeistaramótinu í Kína í október náði Norma Dögg þeim frammúrskarandi árangri að ná 18. sæti á stökki sem skiptar henni í fremstu röð á heimsvísu. Hún var þar efst kvenna frá Norðurlöndunum og sjötti Evrópubúinn sem vakti mikla athygli í svo sterkri keppni, með einkunnina 14,1 stig. Norma Dögg sýnir á HM, sterkasta móti vetrarins, að þangað er hún komin til að vera.

Norma Dögg er mjög vel að titlinum komin líkt of afrek hennar sýna, hún hefur enn á ný brotið blað í íslenskri fimleikasögu með frammistöðu sinni á alþjóðlegum vettvangi.

Lið ársins

Samvinna og liðsheild eru tvær megin stoðir sem myndgerast í hugum okkar þegar við horfum á íþróttalið takast á við stór verkefni. Í raun má segja að sigrar okkar grundvallast á þessum tveimur stoðum, því þegar að lið mætir til keppni og útgeislun og gleði hrýfur alla áhorfendur með, hvort sem þeir upplifa þessar tilfinningar beint í salnum sjálfum eða í sófanum heima, þá hefur verið byggt vel á grunnstoðunum og stærsti sigurinn er að njóta þeirra forréttinda að tilheyra slíku liði.

Lið ársins 2014 er kvennalandsliðið í hópfimleikum.

Kvennalandslíðið í hóp fimleikum vann til silfurverðlauna á Evrópumótinu sem fram fór á Íslandi í október 2014.

Liðið háði hetjulega baráttu við Svía, en varð að þessu sinni að láta í minni pokann í baráttunni um Evrópumeistaratitilinn þrátt fyrir stórkostlega frammistöðu á mótinu. Keppendur liðsmanna sýndu með frammistöðu sinni að þegar allt er lagt í verkefnið, samvinna liðsmanna er eins og best verður á kosið og utanumhald þjálfara þannig að í liðinu ríki traust, að geta allir skilið við þetta stóra verkefni með nýja reynslu í reynslubankanum, stoltir af sínum afrekum.

Stelpurnar okkar heilluðu áhorfendur, bæði í sal og heima fyrir framan sjónvarpið, þar sem þær mættu til leiks einbeittar, samstíga og sýndu hversu gefandi og ánægjulegt það er að vera þátttakandi á stórmóti og hvernig það á að njóta þess að uppskera erfiði undanfarinna mánaða.

Fimleikasambandið er stolt af þessum miklu fyrirmyndum í íslenskum íþróttum.

Fjölmiðlaverðlaun FSÍ

Til þess að skapa umgjörð utan um keppni, þarf margvíslega þætti, flesta höfum við yfir að ráða sjálf t.d. dómara, keppendur og þjálfara. En ekki má gleyma áhorfendum, þeir sem bera hróður íþróttarinnar út í samfélagið og auka þannig þátttöku annarra og auka vinsældir hennar. Sjónvarpsáhorfendur eru sérlega áhugaverður hópur því að með útsendingum út í stofu er oft hægt að ná til hóps sem annars er fjarri góðu gamni þegar að fimleika keppnir eru. Hópur sem jafnvel þekkir ekkert til íþróttarinnar en hrífst með á ef hann fær tækifæri til.

Evrópumótið í hóp fimleikum var veisla sem að sjónvarpið skilaði öllum landsmönnum. Beinir útsendingar voru frá öllum keppnum mótsins og vann starfsfólk RÚV gríðarlega góða og flotta vinnu og hjálpaði okkur að gera mótið það flottasta sem haldið hefur verið. Teljum við að RÚV hafi hjálpað okkur að lyfta fimleikum á hærri stall hjá hinum almenna sjónvarpsáhorfenda

Að þessu tilefni tók Vilhjálmur Siggeirsson, yfir próducent RÚV á mótinu tók við fjölmiðlaverðlaunum FSÍ.

Helstu afrek ársins 2014

Silfur á Evrópumótinu í hóp fimleikum

Kvennalandslíðið vann til silfurverðlauna eftir harða baráttu við Svía sem unnu með 0,6 í mun. Stelpurnar okkar stóðu sig frábærlega og keyrðu svo að segja hnökralaust mót á deginum þegar að allt féll með andstæðingnum. Engu að síður frábær árangur sem hefði dugað til að vinna titilinn á öllum Evrópumótum hingað til og munurinn á liðunum háður dagsformi.

Silfur á Norðurlandamóti í áhaldafimleikum

Norma Dögg Róbertsdóttir vann til silfurverðlauna á stökki á Norðurlandamótinu og Jón Sigurður Gunnarsson vann til silfurverðlauna í hringjum á sama móti sem fram fór í Sviðþjóð í apríl.

Brons í liðakeppni kvenna, í áhaldafimleikum, á Norðurlandamóti

Íslenska kvennalandslíðið í áhaldafimleikum stóð sig vel og vann til bronsverðlauna í liðakeppni á Norðurlandamótinu, sem fram fór Sviðþjóð í apríl. Í liðinu voru; Agnes Suto, Hildur Ólafsdóttir, Norma Dögg Róbertsdóttir, Thelma Rut Hermansdóttir, Þórey Kristinsdóttir,

Brons á Evrópumóti unglunga í hóp fimleikum

Stúlknaliðið og blandað lið unglunga vann til bronsverðlauna á feiknarsterku móti á heimavelli.

Brons á Norðurlandamóti unglunga

Eyþór Örn Baldursson, vann til bronsverðlauna í hringjum, á Norðurlandamóti unglunga sem fram fór í Svíþjóð í apríl.

Gull á Norðurlandamóti drengja

Martin Bjarni varð Norðurlandameistari drengja u-14 ára á stökki.

Varamaður í úrslitum á Evrópumeistaramóti

Norma Dögg Róbertsdóttir, varamaður í úrslitum á stökki á Evrópumóti í áhaldafimleikum, þegar hún lenti í 11.sæti á stökki. Þetta er í annað sinn sem íslensk fimleikakona er varamaður fyrir úrslit á einstöku áhaldi á Evrópumóti, en Norma Dögg náði þeim árangri fyrst íslenskra fimleikakvenna 2013.

18. sæti á stökki á Heimsmeistaramótinu í Kína

Norma Dögg Róbertsdóttir náði þeim tímamóta árangri að verða í 18.sæti í stökki, á Heimsmeistaramóti í áhaldafimleikum sem skipar henni í fremstu röð á heimsvísu, hún var þar efst kvenna frá Norðurlöndum og sjötti evrópubúinn sem vakti mikla athygli í svo sterkri keppni með einkunnina 14.1 stig en hún er fyrst íslenskra kvenna að fara yfir 14 stiga múrinn.

102. sæti á HM

Valgarð Reinhardsson keppti á sínu fyrsta HM og náði sinni bestu fjölþrautareinkunn frá upphafi sem skilaði honum 102. sæti á mótinu. Ef árangur keppenda á HM undanfarin ár er skoðaður má sjá að þeir sem eru í topp 100 í heiminum hafa náð lágmörkum inn á Ólympíuleika og því ljóst að þessi ungi afreksmaður er á fullri siglingu á leið sinni til RÍÓ.

Íslandsmeistari í áhaldafimleikum

- Bjarki Ásgeirsson, Ármann, karlaflokkur
- Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerpla, kvennaflokkur

Íslandsmeistarar í hóp fimleikum

- Íþróttafélagið Gerpla, kvennaflokkur
- Íþróttafélagið Gerpla, blandaður flokkur

Bikarmeistarar í áhaldafimleikum

- Lið Ármanns – karlaflokkur
- Lið Gerplu – kvennaflokkur

Bikarmeistarar í hóp fimleikum

- Kvennalið Gerplu
- Blandaðlið Gerplu

Innlend mót

Reykjavík International

25. – 26. jan í Laugardalshöll, Gróttu og Fylkir.
Fjöldi keppenda: 207

Þrepamót í 4. og 5. þrepi

1. – 2. feb í Fimleikahúsi Bjarkanna, Hafnarfirði
Fjöldi keppenda: 366

Prepamót í 1. – 3. þrepi

8. – 9. Feb í Laugabóli, Ármanni

Fjöldi keppenda: 140

Íslandsmót Unglinga í hóp fimleikum

14. – 15. feb, íþróttahúsinu Vallaskóla, Selfossi

Fjöldi keppenda: 618

Bikarmót í 4. – 5. þrepi

1. – 3. mars, kvk haldið í Ásgarði af fimleikadeild Stjórnunnar og kk hlutinn haldinn í Björk af fimleikafélaginu Björk.

Fjöldi keppenda: 346

Bikarmót í 3. – 1. þrepi og frjálsum æfingum

8. – 9. mars, Íþróttamiðstöðinni Versölum, Gerplu.

Fjöldi keppenda: 134

Bikarmót í hóp fimleikum

15. mars, Íþróttahúsinu Iðu, Selfossi

Fjöldi keppenda: 204

Íslandsmót í þrepum (var skipt í tvennt vegna ófærðar)

2. – 1. þrep

23. mars, Laugabóli, Ármanni

Fjöldi keppenda: 37

3. – 5. þrep og Special Olymics

5. – 6. apr, Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK.

Fjöldi keppenda: 210

Íslandsmót í áhaldafimleikum

29. – 30. mars, Laugabóli, Ármanni.

Fjöldi keppenda: 46

Íslandsmót í hóp fimleikum

26. – 27. apríl, Ásgarði, Stjórnunni.

Fjöldi keppenda: 151

Mílanó meistaramót

27. apríl, Laugabóli, Ármanni.

Fjöldi keppenda: 118

Fimleikalíf

1. maí, Fjölnir.

Fellt niður vegna lítillar skráningar.

Bikarmót í Stökkfimi

3. – 4. maí, Íþróttahúsinu Vesturgötu, FIMA, Akranesi.

Fjöldi keppenda: 233

Vormót í hópfimleikum

17. – 18. maí, Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK
Fjöldi keppenda: 571

Styrktaraðilamót FSÍ

27. – 28. sept, í fimleikahúsi Bjarkanna, Hafnarfirði.
Fjöldi keppenda: 45

Haustmót í 4. – 5. þrepi

31. okt – 1. nóv, Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK
Fjöldi keppenda: 242

Haustmót í 3. – 1. þrepi og frjálsum æfingum

8. – 9. Nóv, Íþróttamiðstöðinni Versölum, Gerplu.
Fjöldi keppenda: 166

Íslandsmótið í Stökkfimi

15. – 16. nóv, Fimleikadeild Keflavíkur
Fjöldi keppenda: 331

Haustmót í hópfimleikum

22. – 23. nóv, Íþróttahúsinu Vallaskóla, Selfossi.
Fjöldi keppenda: 601

Erlend mót

Berlínar Cup

5.-7. apríl í Berlín
4 keppendur kk

Heimsbikarmót

14.-16. mars í Cuttbus
4 keppendur kvk

Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum

11.-12. apríl í Garðabæ á Íslandi
2 stúlknaðið
2 blönduð lið
1 drengjalið

Norðurlandamót unglunga

17.-20. apríl Halmstad í Svíþjóð
5 keppendur kk unglingar
5 keppendur kvk unglingar
5 keppendur kk
5 keppendur kvk

Evrópumót í áhaldafimleikum kvenna

11.-18. maí í Sofíu í Búlgaríu
5 keppendur unglingar
5 keppendur

Evrópumót í áhaldafimleikum karla

18.-25. maí í Sofíu í Búlgaríu
2 keppendur unglingar
5 keppendur

Norðurlandamót u-14

10.-11. maí í Hafnarfirði á Íslandi
5 keppendur kk

Norður – Evrópumót

12.-14. september í Greve í Danmörku
5 keppendur kvk og 4 keppendur kk

Evrópumót í hóp fimleikum

13.-19. október í Reykjavík á Íslandi
Kvennalið
Blandað lið
Stúlknalið
Blandað lið unglinga
Drengjalið

Heimsmeistaramót

3.-13. október í Nannig í Kína
3 keppendur kvk og 1 keppandi kk

Skýrsla Fræðslunefndar

Fræðslunefnd skipuðu Hlín Bjarnadóttir sem var formaður, Andrea Dan Árnadóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Auður Ólafsdóttir og Sesselja Järvelä.

Nefndin vann að ýmsum verkefnum á tímabilinu, setti upp fræðsludagskrá sem saman stóð af fjölbreyttum námskeiðum og fræðslukvöldum. Ný námskeið voru haldin má þar helst nefna fimleikakennslu í grunnskólum ætlaða Íþróttافرæðingum og -kennurum sem fór fram í ágúst og var þátttaka góð. Þau Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sesselja Järvelä kenndu og höfðu umsjón með námskeiðinu sem hlaut jákvæðar undirtektir. Kóréógráfía í fimleikum var haldin í janúar, námskeiðið hafði verið í undirbúningi hjá fyrrum fræðslunefndum, þær Hlín Bjarnadóttir og Berglind Pétursdóttir höfðu umsjón með námskeiðinu og kenndu á því ásamt þeim Steinunni Ketilsdóttur, Elvu Rut Guðlaugsdóttur, Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Stellu Rósenkranz. Þátttaka var framar vonum og ánægja með námskeiðið. Grundvöllur er fyrir því að halda bæði námskeiðin aftur og gera framhald af námskeiði í kóréógráfíu.

Námskeið í sérgreinahlutum FSÍ voru haldin á stigi 1 og 2 á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og var þátttaka góð. Fyrra kennsluefni var notað sem og að kennarar aðlöguðu eða komu með nýtt efni. Sextán fimleikabjálfarar kenndu á námskeiðunum þau Andrea Dan Árnadóttir, Auður Ólafsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Axel Ólafur Þórhannesson, Berglind Pétursdóttir, Bjarni

Gíslason, Daniel Bay Jensen, Erla Ormarsdóttir, Guðmundur Þór Brynjólfsson, Hlín Bjarnadóttir, Íris Svavarsdóttir, Karen Sif Viktorsdóttir, Kenneth Hedegaard Christiansen, Sandra Dögg Árnadóttir, Sesselja Järvelä og Steinunn Ketilsdóttir.

Móttökunámskeið í hóp fimleikum stig 1 var haldið í haust en móttökunámskeið hafa verið í þróun í samvinnu við tækninefndir í hóp fimleikum. Kennarar voru Kenneth Hedegaard Christiansen, Kristinn Guðlaugsson og Henrik Pilgaard. Námskeiðin hafa tekið breytingum frá upphaflegri mynd og verið þróuð í styttri og markvissari kennsluhluta og er ætlunin að halda áfram á þeirri braut. Bæta þarf við móttökunámskeiðum í öðrum greinum fimleika enda mikil krafar gerð á öryggisþætti bæði við þjálfun og í keppni fimleika. Slík námskeið verða unnin í samvinnu við tækninefndir FSÍ.

Tveir erlendir gestakennara héldu námskeið og fræðslukvöld á tímabilinu. Gerrit Beltman frá Hollandi hélt tvö fræðslukvöld í tengslum við Tokyo verkefni TKV. Í ágúst kenndi hann móttöku í æfingum á rá, tvíslá svífrá og í desember kenndi hann grunnæfingar á gólfi. Toni Retrosi frá bandaríkjunum hélt helgarnámskeið í september þar sem hann var með bóklega kennslu um hlutverk þjálfarans og áhugahvöt og verklega kennslu í framhaldsæfingum á gólfi og stökki. Góð þátttaka var á þessum viðburðum og margir áhugasamir ungir og eldri þjálfarar sækja slíka fræðslu.

Í samvinnu við skrifstofu og stjórn FSÍ hélt nefndin fræðslukvöld um mótahald í fimleikum sem hefur verið haldið á vegum sambandsins með nokkuð jöfnu milli frá 1999. Fræðslan er ætluð stjórnarfólki félaganna og áhugafólki um mótahald í fimleikum. Íris Svavarsdóttir sviðstjóri mótamála fjallaði um hlutverk skrifstofu FSÍ í mótahaldi og skráningar á mót FSÍ, Hlín Bjarnadóttir fjallaði um undirbúning og framkvæmd fimleikamóta og Kristinn Arason kynnti nýtt tölvukerfi sem er nú notað á mótum FSÍ.

Dómaranámskeið eru sem áður í umsjón tækninefnda FSÍ og héldu THF, TK og TKV sín námskeið á haustönn.

Tafla yfir fræðsludagskrá FSÍ 2014 – 2105

Tími	Námskeið	Kennslust.	Staður	Fjöldi
Ágúst 2014	Þjálfaranámskeið í æfingum á rá, tækni og móttaka með Gerrit Beltman.	5	Reykjavík	32
Ágúst	Grunnþjálfun fimleika í grunnskólum fyrir íþróttfræðinga- og kennara.	9	Reykjavík	35
Ágúst og september	Þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 1A. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru að hefja þjálfaramenntun sína í fimleikum.	20 fyrri hluti	Reykjavík Mosfellsbær	61
September	Landsdómaranámskeið í áhaldafimleikum kvenna, fyrir nýja D og E dómara skv. Code of Points 2013 – 2016.	25	Reykjavík	15
September	Þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 1A. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru að hefja þjálfaramenntun sína í fimleikum.	20 seinni hluti	Reykjavík Mosfellsbær	(30)
September	Þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 1B. Námskeiðið er ætlað þeim sem lokið hafa sérgreinahluta 1A.	20	Egilsstaðir	12

September	Þjálfaranámskeið fyrir fimleikabjálfarar framhaldshópa. Fyrirlestrar um hlutverk þjálfarans, áhugahvöt, æfingar á gólfi og stökki, kennari Tony Retrosi.	15	Reykjavík	28
Október	Landsdómaranámskeið í áhaldafimleikum karla.	25	Reykjavík	13
Október	Þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 1A. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru að hefja þjálfaramenntun sína í fimleikum.	20	Akureyri	24
Nóvember	Landsdómaranámskeið í hóp fimleikum. Námskeið fyrir nýja dómara og þá sem ekki tóku námskeið í janúar 2014.	25	Reykjavík	66
Nóvember	Móttökunámskeið 1 í hóp fimleikum. Móttaka í grunnæfingum á dýnu og trampólíni.	6	Kópavogur	23
Nóvember	Fræðsluvöld um mótahald í fimleikum, ætlað stjórnarfólki og öðru áhugafólki um mótahald í fimleikum.	3	Reykjavík	22
Janúar 2015	Kóregrafía í fimleikum, undirbúningur í að semja keppnisæfingar í áhald- og hóp fimleikum, hopp, stökk, píróettar, dans, ballett ofl.	20	Reykjavík Hafnarfjörður Garðabær	42
Janúar	Þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 1B. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa lokið sérgreinahluta 1A.	20	Reykjavík Kópavogur	53
Janúar	Þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 2A, ætlað þeim sem hafa lokið þjálfaramenntun á stigi 1.	20	Reykjavík Mosfellsbær	28

Fræðslunefndin hefur í samvinnu við ÍSÍ skoðað þær kröfur sem sambandið gerir til þjálfaramenntunar. Árið 2012 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út rit um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundarstarfi fyrir börn og unglunga. Er það einróma samþykki fræðslunefndar að vinna undir þeim ramma sem ÍSÍ setur fram um hæfniskröfur til að hafa umsjón með börnum og ungmennum. Á tímabilinu fór nefndin yfir þjálfaramenntun FSÍ, rýnt var í uppbyggingu og innihald námskeiða. Nefndin vann að frekari þróun á þjálfarakerfinu sem þarf að stækka og auka fjölbreytileika samhliða fjölgun iðkenda í fimleikum og að félögin bjóða upp á víðtækari þjónustu en áður. Sú vinna er langt komin hjá nefndinni sem mun áfram byggja upp sterka sérgreinahluta FSÍ á stigi 1, 2 og 3 og bjóða upp á fleiri valnámskeið. Mikill áhugi er fyrir slíkri uppbyggingu og auknum fjölbreytileika sem og nýjum styttri námskeiðum og fræðsluvöldum fyrir ólíka hópa í fimleikahreyfingunni s.s. þjálfara, stjórnarfólk, foreldra, iðkendur. Mikilvægt er að gera sérgreinahluta FSÍ að sterku kennsluferfi fimleikabjálfara í landinu þar sem að kennsla í þjálfun fimleika á háskólastigi hefur átt undir högg að sækja líkt og aðrar íþróttagreinar vegna sparnaðar. Við getum snúið þeirri þróun við í fimleikum og fengið háskólana í lið með okkur í gerð kennsluefnis á stigi 2 og 3 og boðið þeim stofnunum samvinnu við FSÍ varðandi kennslu í verklegum hlutum á öllum stigum. Nemendur öðlast þá reynslu í þjálfun sem þarf þegar þeir taka við ábyrgð á réttum aldri.

Mikilvægt er að fimleikasambandið nýti sér alþjóðlegt kennsluefni FIG s.s. FIG Age Group Program, FIG ACADEMY Program Level 1, 2 og 3. Einnig á FSÍ að nýta þau tækifæri sem eru í boði hjá FIG og UEG til að mennta fólk innan fimleikanna og stuðla að því að fólk fari á þau námskeið. Á tímabilinu fóru þau Róbert Kristmannsson, Hildur Ketilsdóttir og Brynhildur Hlín Eggertsdóttir í þjálfara- og æfingabúðir UEG til Tirrenia á Ítalíu. Berglind Pétursdóttir, Róbert Kristmannsson og Axel Ólafur Þórhannesson fóru á námskeið FIG í Osló varðandi uppbyggingu á FIG Age Group Program. FSÍ og félögin þurfa að hvetja þjálfara til að fara á viðurkennd námskeið til að stuðla að frekari uppbyggingu þjálfunar hérlandis sem og að nýta sér önnur alþjóðleg þjálfaranámskeið.

Kröfur samfélagsins til þjálfunar barna og unglinga eru sífellt að aukast og því þurfa kröfur til menntunar þjálfara að vera miklar. Það er mikilvægt að stórt sérsamband innan íþróttahreyfingarinnar eins og Fimleikasamband Íslands geti státað sig af hæfum og vel menntuðum þjálfurum barna og unglinga. Til að við getum gert enn betur og að þróun geti átt sér stað þarf að koma til fjármagn í fræðslumálin. Fræðslunefndin leggur til að ákveðin prósentu af öllum fræðslunámsskeiðum FSÍ renni í sjóð til að viðhalda, bæta og gefa út fræðsluefni í þágu fimleikahreyfingarinnar. Gott má alltaf gera betra, fræðsluefni þarf að fara yfir reglulega og mikilvægt fyrir hreyfinguna að fylgjast með nýjum straumum og stefnum í greininni.

Fræðslunefnd þakkar öllum þeim sem komu að námskeiðsshaldi, fyrirlesurum, kennurum og sýnendum á námskeiðum, þeim félögum sem útveguðu húsnæði til kennslunnar. Við þökkum þeim fjölmörgu áhugasömu þátttakendum sem sóttu námskeiðin fyrir sitt framlag, fimleikafélögum sem sýna þá ábyrgð og metnað að hvetja þjálfara sína til menntunar. Að lokum viljum við þakka sviðstjóra fræðslumála, Írisi Svavarsdóttur, gott samstarf.

Megi fræðslumálin vera í forgangi og blómstra hjá FSÍ í framtíðinni.

Fyrir hönd fræðslunefndar, Hlín Bjarnadóttir og Auður Vala Gunnarsdóttir.

Skýrsla nefndar um fimleika fyrir alla

Á ársþingi Fimleikasambands Íslands 2014 voru eftirtaldir skipaðir/kosnir í nefndina:

Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður, Sæunn Viggósdóttir, varaformaður, Guðrún Tryggvadóttir, ritari, Helga Bára Bartels, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eypórsdóttir

FFA hefur frá síðasta þingi FSÍ fengið við ýmis verkefni, en það stærsta var EUROGYM sem haldið var í Helsingborg í Svíþjóð í júlí 2014.

EUROGYM (EG)

Við fórum með um 400 manna hóp frá 9 aðildarfélögum á EUROGYM í Helsingborg í Svíþjóð. Iðkendurnir komu frá Ármanni, FIMAK, Fjölni, Fylki, Gerplu, Gróttu, Keflavík, Selfoss og Stjörnunni. Þetta var stærsti hópur sem FSÍ hefur nokkurn tíman sent frá sér á erlenda grundu og að okkur skilst stærsti hópur sem farið hefur frá ÍSÍ.

Á EUROGYM voru mættir um 5500 unglingar frá 22 löndum til að sýna fimleika og taka þátt í vinnubúðum

Það var mikill undirbúningur að skipuleggja fyrir svo stóran hóp en eins og flestir vita hætti framkvæmdastjóri FSÍ í ársbyrjun 2014 og því fór Sæunn Viggósdóttir í það að vinna þá vinnu sem framkvæmdastjóri hefði annars gert. Við þökkum henni sérstaklega fyrir sitt framlag og fyrir þann tíma sem hún gaf sér í verkefnið.

Allir þátttakendur skemmtu sér vel á EUROGYM og voru landi og þjóð til sóma en Sæunn Viggósdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir stóðu sína plikt sem farastjórar og höfðu í nógu að snúast þegar á staðinn var komið.

Fjölnishópur sýndi á GALA sýningu EUROGYM þar sem hópurinn túlkaði norðurljósin á ótrúlega flottan hátt. En á GALA sýningu sýna aðeins bestu atriði hvers lands og svo eru 2-3 „wild cards“ sem fá að sýna líka.

FSÍ átti stóran hluta þátttakenda á hátíðinni og því var gaman að fylgjast með þeim þremur sýningarviðum sem voru víðs vegar um miðbæinn. Þar var yfirleitt alltaf einhver íslenskur hópur að sýna og stóðu félögin sig ótrúlega vel, hóparnir voru vel æðir og gleðin skein úr andlitum krakkana.

Við vonumst til að þessir hópar og fleiri séu farnir að skipuleggja næstu ferð á EUROGYM sem haldin verður sumarið 2016 í Tékklandi.

European Gym for Youth Challenge (EGFY)

Daginn fyrir EUROGYM í Helsingborg eða þann 12. júlí var einnig haldið European Gym for Youth Challenge (Test event). Þetta er sýningarkeppni að fyrirmynd World Gym for Life Challenge sem FIG heldur á 4ra ára fresti, og FIMLEIKALÍF sem FSÍ heldur. Þrjú lið tóku þátt frá Fjölni og Ármanni og stóðu þau sig vel og fengu í verðlaun silfur og brons ☺ Þessi Sýningarkeppni var skemmtileg í alla staði og verður næst haldin í Tékklandi 2016 fyrir 12 ára og eldri.

Golden Age (GA)

Golden Age (fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri) var haldin í Toulouse í Frakklandi haustið 2014. Nefnd FFA reyndi mikið til að ná saman hóp til ferðarinnar en ekki tókst það í þetta skiptið. Okkur þótti það miður því Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá upphafi. Við vonumst til að fara með stóran hóp á GA í Portoroze Slovaníu árið 2016. Þetta er tilvalið fyrir fullorðinshópa félaganna sem og aðra hópa sem komnir eru með aldur ☺

Gymnaestrada

Gymnaestrada verður haldin nú í sumar 2015 í Helsinki í Finnlandi. Þangað mætir fimleikafólk allstaðar að úr heiminum og sýnir fimleika, áhaldafimleika, nútímafimleika, akrobátík, þolfimi, hóp fimleika, parkour trampolín og margt fleira. Áætlað er að þátttakendur verði svipað margir og undanfarnar Gymnaeströður eða um 25.000 manns.

Nefndin reyndi mikið að koma af stað hóp þegar útséð var að félögin á landinu sýndu stærstu fimleikahátíð í heimi engan áhuga. Ekki tókst það að skrapa saman í einn hóp og er það miður.

FIMLEIKALÍF

Nefnd FFA hefur undanfarin ár reynt að koma á fót nýrri sýningarkeppni FIMLEIKALÍF. Brösulega gekk það fyrstu árin vegna ónægrar þátttöku. Þann 1. maí 2013 héldum við fyrstu FIMLEIKALÍF sýningarkeppnina fyrir fullu húsi áhorfenda í Íþróttahúsi Fjölnis. Sýningarkeppnin var mjög skemmtileg og frábært var að sjá hversu breitt aldursbilið var á þátttakendum en þeir voru líklega frá 9 ára aldri og upp í 80+ ára. Árið 2014 héldum við að þetta væri komið öll vinnan væri búin að skila sér en NEI svo var ekki. Skráning var í minnsta móti ekki nægjanleg til að halda FIMLEIKALÍF (einungis 3 lið og við þökkum þeim ☺). Við höfum talað við þjálfara og formenn beðið um skýringar á því hversvegna engin þátttaka sé og ekki fengið nein svör. Við vorum í samráði við félög og þjálfara þegar tímasetning var ákveðin á sýningarkeppninni og það virðist samt ekki skila sér.

Nú í ár skráði sig til keppni einungis 1 lið. Það er okkur í nefndinni ómögulegt að skilja hversvegna ekki fleiri lið skráðu sig til þátttöku því mikil ánægja var með FIMLEIKALÍF 2013. Það fékk nefndin FFA

Í það minnsta að heyra bæði frá foreldrum og iðkendum sem tóku þátt sem og frá þjálfurum sem þökuðu fyrir tækifærið að fá að taka þátt í einhverjum viðburði á vegum FSÍ með hópana sína.

Ef þið hafið einhverjar ábendingar til okkar (FFA) um Fimleikalíf varðandi tímasetningar eða annað sem við gætum gert til að auka áhuga félaganna endilega látið okkur vita.

Bæklingur

Við útbjuggum bækling til að kynna hvað FFA hefur upp á að bjóða. Þetta var í annað sinn sem við gerðum svona bækling en við vonumst til að öll félög hafi fengið hann sendann og komið honum á rétta staði þ.e. til þjálfara og stjórnar ☺

Annað

Sæunn Viggósdóttir fór á FIG Colloqium í mars 2015 í Noregi. Þar komu saman fulltrúar FFA um allan heim og skiptust á hugmyndum og fengu fræðslu frá FIG. Keith Russel, Jonas Jhul og Patrik Bonner voru fyrirlesarar ásamt FIG nefndinni.

Hugleiðing 2015

Í síðustu skýrslu setti ég fram smá hugleiðingu þar sem ég talaði um hversu mikilvægt það væri að við huguðum að öllu fimleikafólki á landinu ekki bara þeim sem fá að taka þátt í mótum FSÍ heldur líka öllum hinum 10.000 sem ekkert fá að gera nema kannski sýna á einni vorsýningu. Í þessari hugleiðingu ætla ég að byrja á því að bjóða fram aðstoð okkar í nefndinni til allra félaga.

Við (FFAnefndin) erum tilbúin að aðstoða ykkur (félögin) og bíðum nú eftir að forsvarsmenn félaganna taki sé tak og hafi samband. Við getum aðstoðað með ýmislegt varðandi Fimleika Fyrir Alla, námskeið, choreographyu, ýmiskonar fræðslu, hvernig á að setja saman sýningarhópa, kynnt fyrir ykkur ýmsa viðburði sem hægt er að taka þátt í og fl. Bara senda okkur línu og við reynum að svara eftir bestu getu.

Ég veit ekki hvort allir innan fimleikahreyfingarinnar geri sér grein fyrir því að með því að taka einungis þátt í áhaldafimleikum karla og kvenna á alþjóðamótum FIG þá missum við þriðja kosningaréttin á þingi FIG.

Fimleikasambönd þurfa samkvæmt reglum Alþjóðasambandsins að taka þátt í þremur ólíkum greinum/viðburðum innan FIG til að fá fullan kosningarétt. Þennan rétt misstum við niður nú á síðasta FIG þingi 2012 og er ekki von að við náum þeim rétti aftur nema að við tökum okkur taki og tökum þátt í fleiri viðburðum á vegum FIG.

Það skiptir gríðalega miklu máli fyrir FSÍ að félögin taki þátt í viðburðum Fimleika fyrir Alla (FFA) því sú grein er ein af þeim þremur sem við höfum ef við viljum hafa fullan kosningarétt. Áhaldafimleikar karla og kvenna teljast sem 2 greinar og því er FFA sú þriðja.

Það er mín skoðun að við eigum að reyna að hafa áhrif innan hreyfingarinnar við eigum ekki bara að fljóta með öllum hinum. Við höfum upp á margt að bjóða bæði góða dómara, þjálfara og fagfólk innan okkar raða sem geta haft áhrif.

En til þess að geta haft einhver áhrif þurfum við meðal annars að að geta kosið og best væri auðvitað að vera með fullan kosningarétt, ekki satt?

Hér getið þið séð það svart á hvítu að ef við viljum eiga einhverja möguleika á því að hafa í það minnsta einhver áhrif innan FIG þá verðum við að taka þátt í þeim viðburðum sem þeir bjóða uppá. Það þarf nefnilega 2 til að dansa Tangó ☺

Úr Reglum FIG

11.17.2 Voting entitlement

During elections at Congress meetings each affiliated federation has one (1) vote. In other cases (see art. 11.12.3 point 7, 8 and 10 to 13) a federation may have additional votes (to a maximum of 3) one for each Olympic discipline and for Gymnastics for All in which they have participated at an international level during the previous Olympic Cycle (Olympic Games, World Championship, World Gymnaestrada or World Gym for Life Challenge). At other meetings of the FIG Authorities, each member may only exercise one vote. The respective President, of the committee or commission may exercise a deciding vote in the event of a tie. Should the President refrain from voting in case of a tie, the proposition in question is not adopted.

Við stöndum okkur vel með að senda iðkendur og dómara á áhaldafimleikamót FIG og þátttaka okkar er góða þar en það er ekki nóg!

Við í nefnd FFA reynum okkar besta til að halda við og fylgjast með fara á námskeið, fyrirlestra og fl til þess að við getum verið með allt það sem er að gerast innan FFA á hreinu. Við erum með 12-15000 iðkendur innan fimleikanna hér á landi og við getum ekki bara haldið áfram að hugsa um þá sem keppa á mótum FSI auðvitað er það nauðsynlegt með en sá hópur sem ekki tekur þátt er miklu miklu stærri kannski um 10.000 iðkendur. Oft hef ég haft þá tilfinningu að þessi hópur skipti kannski engu máli svo lengi sem hann borgi sín æfingagjöld.

Ég held að margir geri sér ekki grein fyrir því að þær æfingar sem byrjendur í fimleikum gera eru einmitt fimleikar fyrir alla það eru grunn æfingarnar (almennir fimleikar). Þetta fara flestir í hér á landi þ.e. byrja í fimleikum fyrir alla og fara svo í hóp- eða áhaldafimleika. Hinir sem kannski engan áhuga hafa á keppni eða hafa nokkra getu til að stunda áhalda eða hópfimleika er troðið í þá hópa af því að félagið þeirra hefur enga aðra valkosti í boði eins og t.d. parkour, sýningarhópa, fullorðins fimleika, og fl. Við erum eins ólík og við erum mörg og þessvegna þurfa iðkendur í fimleikum að geta farið ólíkar leiðir innan síns sports. Við þurfum að hugsa fram á við og hugsa um fjöldann.

Margt jákvætt er líka í gangi hjá okkur og við megum ekki gleyma því að við fórum jú með 400 manna hóp á EUROGYM síðasta sumar sem stóð sig svo vel. Við erum stolt af þeim hópi sem tók þar þátt og vonumst til að þau fari öll aftur að ári. Við viljum hins vegar líka ná til litlu félaganna á landsbyggðinni það geta allir tekið þátt í okkar viðburðum hér heima þannig að ef þið viljið hjálp hafið samband☺

Og munum að það góða við **Fimleika fyrir Alla** er að þeir eru fyrir ALLA☺.

Ég vil þakka Guðrúni, Sæunni, Helgu Báru, Óla Geir og Stefaníu fyrir þeirra vinnu og svo stjórn og starfsfólki á skrifstofu fyrir þeirra skilning og vinnu.

Með fimleika kveðju

Hlíf Þorgeirsdóttir

Skýrsla vegna setu Hlífar Þorgeirsdóttur í TC-GFA-UEG

Nú er fyrsta árið liðið af öðru tímabili mínu lokið hér í TC- GFA-UEG og vinnan bara eykst. Við erum nú að sjá um 5 viðburði á tveggja ára tímabili þar sem hátt í 10.000 þátttakendur taka þátt í. Auk þess eru fundir, skýrslugerðir, unnið að reglum, handbókum og fleiru.

Nöfn nefndarmanna

Hlutverk/Umsjón

Alberto Claudino (POR)

Formaður

Hlíf Þorgeirsdóttir (ÍSL)

Varaform. Golden Age, Gym For Youth Challenge, ECC

Heidi Marie Taksdal (NOR)	EUROGYM, Communication
Regina Beeler (SVI)	Golden Age, new projects
Ilse Arys (BEL)	EUROGYM, new projects
Kamil Skwarczyński (POL)	Communication, Education

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa yfirumsjón og skipuleggja EUROGYM, GoldenAge, European Gym for Youth Challenge, halda Chore-camp, Seminar og að breiða út almenna fimleika.

Mikil vinna og fundir fara í það að undirbúa hátíðirnar okkar og verður sú vinna engu minni á næstu árum. Við höfum lent í margvíslegum vandamálum með skipuleggjendur okkar á hátíðunum en alltaf tekist að greiða úr þeim á einhvern hátt.

EUROGYM (EG)

EUROGYM var haldið í Helsingborg 2014 og voru yfir 5500 þátttakendur mættir til leiks frá 22 löndum (GER, BEL, DEN, ESP, EST, FIN, FRA, GBR, GRE, ISL, ITA, LUX, MLT, NOR, NED, POR, CZE, RUS, SLO, SUI, TUR, SWE)

Við buðum upp á 43 mismunandi vinnubúðir á morgnanna og svo voru yfir 400 sýningaratriði frá frábærum hópum sem öll höfðu lagt mikla vinnu í sín atriði. Hátíðin tókst vel en Gala sýningin var hápunktur EUROGYM. Við sem að þessu komum þurftum að takast á við margvísleg vandamál bæði frá skipuleggjendum, þjálfurum og iðkendum en til þess er nefndin til að taka leiðinlegu og óvinsælu ákvarðirnar og leysa vandamál sem upp koma. Vinnudagurinn á EUROGYM er í raun 24 tíma vakt og lítið er um svefn hjá skipuleggjendum og LOC nefndinni. En þegar maður sér hvað iðkendum er ánægðir þá gleymist öll þreyta.

Næsta EUROGYM verður haldið í Tékklandi í Ceske Budejovice í júlí 2016. Við ákváðum á fundi okkar í febrúar að breyta aldurstakmarki á EUROGYM. Þannig að nú er takmarkið 12-20 ára og 10% af hópnum geta verið undir 12 ára en ekki yngri en 10 ára.

Það eru aðalega tvær ástæður fyrir þessum breytingum en þær eru m.a. að:

Við viljum ekki leyfa EUROGYM að stækka endalaust. Því það þýðir að við þurfum að vera með hátíðina í stærri borgum með fleiri skólum til að gista í og fleiri íþróttahöllum og þannig verður EUROGYM ekki eins örugg fyrir þátttakendur og þeim finnst þau ekki eins vernduð.

Við höfum líka átt í vandræðum með sum löndin þar sem þátttakendur hafa verið yfir lögaldri og vilja drekka og skemmta sér. Það eru stífar reglur um að alkohól og sigarettur séu bannaðar en það virðist stundum erfitt fyrir suma að skilja þær reglur. Auðvitað má alltaf við því búast þegar mismunandi trúar- og menningarhópar koma saman en reglur eru reglur og við höfum þurft að bregðast við þeim. Við sendum áminningu á þau 3 lönd sem hafa verið að valda vandræðum.

Með því að lækka aldursmuninn erum við að reyna að stemma stigum við þessum vanda og um leið kannski halda þáttökufjöldanum í skefjum. Við höfðum að vísu biðlista síðast en gátum unnið úr honum þannig að allir gætu komist.

European Gym for Youth/Life Challenge (EGFL)

Var haldið í fyrsta skiptið sem TEST event. Það tókst með afburðum vel og voru þátttakendur ánægðir með þetta form að sýningarkeppni. Þátttakendur voru rétt yfir 650 sem var meira en við bjuggumst við í fyrstu tilraun. Liðin komu frá 13 löndum FIN, ISL, FRA, GER, ITA, NOR, SUI, POR, GRE, EST, SWE, SLO, og DEN.

Þetta keppnisform hefur vakið gífurlegan áhuga um allan heim og eru haldnar víða. Portúgalar eru með þeim þjóðum sem byrjuðu og þeir hafa núna um 2300 þátttakendur en það er svipaður fjöldi og fer á World Gym For Life (WGFL).

Næsta European Gym For Life sýningarkeppnin verður í Ceske Budejovice í júlí 2016. Nú tókum við út Youth úr nafninu og heitir sýningarkeppnin því **European Gym for Life Challenge**. Breytinguna gerðum við vegna þess að við vildum bjóða öllum eldri en 12 ára að taka þátt. UEG hefur ekki haft neitt upp á að bjóða fyrir 20-50 ára aldurshópin en nú höfum við breytt því. Eins og er þá ætlum við að halda EGFL samtvinnað EUROGYM en síðar er ætlun að hafa þetta langa helgi með sýningarkeppni, vinnubúðum og annari fræðslu í bland.

Golden Age (GA)

Vinnan við GA gekk vel Frakkar kunna að skipuleggja sig og gerðu þetta að einni bestu hátíð fyrir 50+, nú er bara að reyna að halda í það góða og vinna áfram að því að bæta. GA er miklu yngri hátíð en EG og því hefur ekki alveg verið komið fast form á hana en núna er það allt að gerast við í nefndinni erum búin að vinna ómælda vinnu við að hjálpa skipuleggiendum við að betrubæta og öll höfum við einhverju að miðla þannig að úr verði góð hátíð. Næsta hátíð verður í Slóvaníu í Portoroze haustið 2016. Skipulagning er komin á fullt og ég hef settið 3 fundi með LOC nefndinni þar til að miðla þekkingu og hjála til við undirbúning. Það er svo allt annað að halda fimleikahátíð en að halda mót. Allt aðrir þættir sem þarf að huga að. Ég hef það á tilfinningunni að þetta verði góð hátíð bærinn er yndislegur við tæran sjó og stöndin falleg.

Educational Choreo-Camp (ECC)

Kóreografinámskeið sem halda á fyrir Evrópska þjálfara í haust er að mótast þetta er í 3 skiptið sem við höldum þetta námskeið og er það líka alltaf að mótast betur og betur. Við höfum fengið frábært fólk til að kenna frá mismunandi löndum og höfum svo reynt að nota þátttakendur á námskeiðunum til að hjálpa okkur við að betrubæta kóreografíuna hjá hópunum bæði á GA og EG. Nokkrir þátttakendur sem hafa settið námskeiðið voru líka valdir til að vera Evaluators (dómarar) á EGFL síðasta sumar. Námskeiðið verður haldið í Slóvaníu í Portoroze sömu helgi og infomeeting eða farastjórafundur verður fyrir GA. Við erum búin að bæta við fræðslu fyrir þjálfara sem þjálfar 50+ og vonumst til að þeir sem komi á farastjórafundinn kíki á námskeiðið í leiðinni.

Seminar Gymnastic for fun

Við erum að vinna í því að halda nýtt námskeið sem kallast Gymnastic for fun.

Þar ætlum við að kenna hvernig þjálfari geti kennt fimleika móment á sem mest skapandi hátt og hvernig megi nota áhöldin að sama skapi. Við vonumst til að þetta Seminar gefi þjálfurum nýjar og góðar hugmyndir til að nota við kennslu sína í grunn æfingum fimleika. Þetta verður bæði verk- og bóklegt námskeið og er opið fyrir alla þjálfara í Evrópu sem eru 18 ára og eldri og þjálfar iðkendur frá ca.6-16 ára.

Bókin

Nefndin TC-GFA-UEG er búin að vera að vinna við að skrifa bók/netbók um kóreografíu sem er nú loksins tilbúin. Engin slík bók hefur áður verið gefin út í Evrópu og teljum við að slík bók gæti hjálpað til við uppbyggingu fimleika og þá sérstaklega fyrir litlu/smærri félögin. Það er mikil vinna við gerð bókar en ég ásamt þeim sem komu að því að kenna á námskeiðunum okkar höfum skrifað bókina. Við (TC-GFA-UEG) fengum styrk frá FIG við gerð bókarinnar.

Fundir

Við höfum haldið tvo fundi það sem af er árinu einn í Sviss og einn í Tékklandi, næsti fundur okkar verður svo í Finnlandi í sumar.

Við funduðum með framkvæmdastjóranum henni Kirsi Erofejeff-Engman í febrúar og fengum svo fyrirlestur frá Philippe Silacci, en hann er nýr meðlimur UEG skrifstofunnar og sér um media. Við funduðum einnig með varaformanni UEG Ruedi Hediger og nefndin mun einnig funda með FIG Alþjóðanefndinni í almennum fimleikum TC-GFA-FIG í sumar í Helsinki. Tilgangur þeirra fundar er að við viljum fara í meiri samvinnu með heimsálfunum og höfum beðið FIG um þannig fund í nokkurn tíma. Nú í sumar verður fundurinn haldin á Gymnaeströdu.

FIG hefur undanfarin ár boðið einum meðlim UEG að vera viðstaddur á Colloquium sem þeir halda ár hvert. Ég var send fyrir hönd UEG til Noregs núna í mars þar sem fjallað var m.a. um World Gym for Live og Gymnaeströdu.

Miklar bollaleggingar eru núna í UEG vegan komandi kosninga FIG á næsta ári. George Formaður UEG ætlar að bjóða sig fram til Forseta FIG. Nokkrir aðrir ætla sér einnig í baráttuna einn frá Þýskalandi, einn frá Rússlandi einn frá USA og svo frá Japan. Það verða því örugglega miklar umræður á komandi þingi UEG í haust um verðandi kosningar, en mikilvægt er að Evrópa standi saman og í raun komi sér saman um það hver af þeim eigi að vera í framboði fyrir Evrópu. Þetta kemur allt í ljós en eitt er víst að pólitíkin er mikil.

Í ágúst hélt ég námskeið í Malasíu fyrir GFA þjálfara í Asíu ásamt Tatsuo Araki frá Japan og meðlim FIG nefndarinnar. Þetta er efni sem ég setti saman fyrir UEG og hef kennt á UEG námskeiðum. Í framhaldinu var mér boðið að dæma á Gym for Life Asia (GFLA) sem var mjög skemmtilegt en ég hélt líka smá námskeið fyrir dómara (evaluators) fyrir mótið. Fyrirhugað er annað námskeið í Malasíu í haust þar sem ég hef verið beðin um að taka þátt í og svo er GFLA í ágúst þar sem ég verð með þjálfun fyrir dómara og dæmi svo sjálf.

Ef við viljum halda áfram að blómstra þá er það hlutverk okkar í fimleikahreyfingunni um allan heim að virkja og hlúa að grunninum.

Áfram íslenskir fimleikar

Fimleikakveðja Hlíf Þorgeirsdóttir

EUROGYM

er evrópsk fimleikahátíð fyrir ungmenni, á aldrinum 12-20 ára. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opunarhátíð. Svo taka við vinnubúðir á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Eurogym er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem partý, karóki, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. EUROGYM er haldið annað hvert ár og verður næsta hátíð haldin í Tékklandi, sumarið 2016. Öllum fimleikafélögum í Evrópu er velkomið að taka þátt í EUROGYM. Ísland hefur tekið þátt í EUROGYM frá byrjun eða alls níu sinnum.

GOLDEN AGE

er evrópsk fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri. Evrópskafimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opunarhátíð en svo taka við vinnubúðir, ýmis fræðsla á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Golden Age er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG

nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem fræðsla, danspartý, karóki, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. GOLDEN AGE er haldin annað hvert ár, að hausti til, og verður næsta hátíð haldin í Portoroze í Slóvaníu, haustið 2016. Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá upphafi eða alls fjórum sinnum.

Seminar Gymnastic for Fun

er nýtt námskeið á vegum Evrópska Fimleikasambandsins (UEG) og er ætlað þjálfurum frá Evrópu. Tilgangur námskeiðsins er að kenna þjálfurum að þjálfa grunnæfingar fimleika á skapandi hátt og einnig að kenna þeim hvernig hægt sé að nota áhöld á skemmtilegan og skapandi hátt.

Chore-camp

Choreo-camp er einn liður í því að bæta sýningaratriði um alla Evrópu. Farið er yfir samsetningu sýningaratriða og þjálfurum veitt aðstoð við að gera kraftmikil og áhugaverð sýningaratriði. Námskeiðinu er skipt upp í tvo hópa, fyrir byrjendur og fyrir þjálfara sem hafa nokkra eða mikla reynslu. Choreo-camp verður næst haldið í Portoroze í Slóvaníu haustið 2015 (löng helgi).

EUROPEAN GYM FOR LIFE CHALLENGE

er sýningakeppni, sem er ný af nálinni. "Test event", eða tilraunakeppni var haldin í Helsingborg í Svíþjóð, daginn fyrir EUROGYM, árið 2014. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa sýningakeppni. Sýningakeppnin er opin öllum fimleikafélögum. Keppit verður í nokkrum flokkum. Keppnin verður næst í Tékklandi sumarið 2016 daginn fyrir EUROGYM.

Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum

Nefndina skipuðu; Berglind Pétursdóttir formaður, Halla Kari Hjaltsted, Hildur Ketilsdóttir, Hlín Bjarnadóttir og Sif Pálsdóttir. Halla lét af störfum á miðju tímabili vegna anna og Ragna Þyrí Ragnarsdóttir kom inn í nefndina.

Helstu verkefni nefndarinnar voru m.a. að setja upp kröfur móta, hafa skoðun á uppsetningu móta, niðurröðun dómara á mót, finna út dómaragildi fyrir hvert mót. Uppfæra og breyta áherslum í Fimleikastiganum og í frjálsum æfingum.

Eitt af áherslum nefndarinnar á tímabilinu var að stytta lengd mótshluta og að tímaskipulag væri nákvæmt, gekk það eftir á sumum mótum en öðrum ekki. Í lok mótatímabilsins voru ekki virtar skoðanir nefndarinnar á uppsetningu sumra móta og er það miður. Það er mikilvægt að mótshlutar séu ekki alltof langir bæði fyrir keppendur og áhorfendur.

Notað var rafrænt einkunnakerfi (score.sporteventsystems.se) á flestum mótunum á tímabilinu. Rafræna einkunnakerfið var í mótun á tímabilinu og er enn. Rafrænt einkunnakerfi er gott framfaraskref en meðan ekki eru skjáir við hvert dómaraborð til að sýna einkunnir þá þarf að sýna þær af spjöldum eins og verið hefur hingað til.

Mótahald var þétt líkt og síðastliðin ár. Keppendum fjölga milli ára sem er jákvætt en gerir jafnframt meiri kröfur á gott skipulag móta og fleiri virka dómara.

Við eigum góðan fjölda af útskrifuðum dómurum en margir af þeim eru ekki virkir. Dómgæsla í áhaldafimleikum er flókin og það þarf markvisst að viðhalda sinni kunnáttu, tileinka sér breytingar á reglum svo og vera í æfingu að dæma hratt og rétt. Mikilvægt er að hlúa vel að dómurum, þeir eru stór hluti af mótahaldi FSÍ og þekking þeirra ætti að skila sér inn í fimleikajálfunina.

Alþjóðlegir dómara tóku að sér dómgæslu á eftirfarandi mótum erlendis. Harpa Óskarsdóttir var boðið af FIG að dæma á Olympíuleikum ungmenna (Youth Olympic games) sem haldið var í 16.-28. ágúst 2014 Nanjing í Kína. Hlín Bjarnadóttir og Sandra Matthíasdóttir dæmdu Norður Evrópumót í Greve Danmörku dagana 12.-14. september. Til stóð að senda dómara á Heimsmeistaramótið 2014 en stjórn FSÍ hætti við að senda dómara á síðustu stundu en þrjár stúlkur kepptu fyrir okkar hönd. Berglind Pétursdóttir og Hlín Bjarnadóttir dæmdu á Evrópumótinu 2015 í Montpellier í Frakklandi. Berglind var valin til að vera D2-yfirdómari á slá af Tækninefnd UEG.

Haldið var Dómaranámskeið í byrjun september fyrir E-dómara

og í lok október var haldin upprifjunarfundur fyrir Dómara til að skerpa á áherslum fyrir mótatímabilið. Haldið er úti mjög virkri dómarasíðu á FB til að miðla upplýsingum um dómaramálefni.

Tokyo 2020 verkefnið.

Vinnuhópur verkefnisins Tokyo 2020 stóð fyrir þremur æfingabúðum í júní, ágúst og desember. Aðalþjálfari æfingabúðanna var Gerrit Beltman ásamt þjálfurum félagana. Verkefnið hefur tekist vel og skilað árangri. Meginmarkmið verkefnisins í byrjun var að ná til sem flestra félaga og þjálfara og innleiða markvissari vinnubrögð og stefnu.

Mikil vinna og vinnuframlag hefur verið lagt í þetta verkefni af hendi vinnuhópsins sem telur mikilvægt að haldið sé áfram með verkefnið.

Landsliðsmál eru nú í höndum Landsliðsþjálfara og Sviðstjóra landsliðsmála. Hvort það fyrirkomulag og hvernig verkferlum er háttað varðandi landsliðsmál þarf að vera í stöðugri endurskoðun og mikilvægt er að fylgja þeim verkferlum sem búið er að koma á.

Undirbúningur Smáþjóðaleikana 2015 er búin að vera á fullu á árinu. Leikarnir verða haldnir 1. – 6. júní. Hlín Bjarnadóttir hefur haft hita og þunga af þeim undirbúningi að öðrum ólöstuðum.

Tækninefnd kvenna vill þakka öllu fimleikafólki samstarfið á árinu.

Berglind Pétursdóttir

Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum

Á þingi Fimleikasambands Íslands (FSÍ) 31. maí 2014 voru tveir frambjóðendur til formanns Tækninefndar karla í áhaldafimleikum (TK), þeir Anton Heiðar Þórólfsson og Sigurður Hrafn Pétursson. Sigurður Hrafn hlaut fleiri atkvæði í kosningunni og er því réttkjörinn formaður.

Starfsskipan innan nefndarinnar:

Stjórn FSÍ samþykkti svo umsóknir fjögurra einstaklinga um að starfa í nefndinni.

- Anton Heiðar Þórólfsson, varaformaður TK.
- Axel Bragason, meðlimur í Fræðslunefnd á vegum TK.
- Axel Ólafur Þórhannesson, meðstjórnandi.
- Björn Magnús Tómasson, meðlimur í Dómaranefnd á vegum TK.
- Sigurður Hrafn Pétursson, formaður TK.

Sigurður tók sér frí frá störfum nefndarinnar í október þegar hann eignaðist börn. Anton varaformaður tók við störfum formanns og sinnti því þar til Sigurður kom til baka í nefndarstörf í byrjun 2015. Framanaf árinu 2015 sinntu þeir formannsstarfinu í sameiningu en í Apríl 2015 tók Sigurður aftur við störfum.

Björn situr í undirbúningsnefnd vegna Smáþjóðaleikanna 2015 fyrir hönd TK.

Almenn störf nefndarinnar:

Almenn störf voru unnin samkvæmt starfslýsingu tækninefnda. Fundargerðir eru til staðar á heimasíðu FSÍ. Nefndin hjálpaði skrifstofu við undirbúning móta og skipulag á dómaraþlönnum fyrir mót innanlands.

Nýjar dómarskilgreiningar voru hannaðar með það markmið að samræma skilgreiningar milli karla og kvenna dómara.

Dómaramál:

Dómaramálskeið voru haldin í október 2014 þar sem Axel Bragason kenndi almenna E dómgaeslu, Anton almenna D dómgaeslu og Sigurður Hrafn kenndi íslenska fimleikastigann. Það eru sjö alþjóðlegir dómara skráðir hjá TK en þeir hafa haft mismikil tæk á því að taka að sér verkefni. Þau alþjóðlegu verkefni sem íslenskir MAG dómara hafa tekið að sér á tímabilinu koma fram að neðan. Oftast gekk ágætlega að manna stöður á mótum innanlands en dómarskráningar frá félögum áttu það til að koma seint og um síðir.

Skipulagning móta:

Starfsfólk skrifstofu FSÍ og þau félög sem halda mót sá um skipulagningu móta oft með hjálp TK. TK sá um að setja upp dómaraþlön og tilnefna yfirdómara á mót hverju sinni sem heldur dómarafund. Fyrir hvert mót á tímabilinu var meðlimur TK skipaður sem tengiliður við skrifstofu og voru þær stöður ákveðnar í byrjun tímabils.

Verkefni:

Tímabilið er Ágúst 2014 - Apríl 2015

Ólympíuleikar ungmenna 16. - 28. ágúst Kína

Ísland sendi enga keppendur á mótið en Alþjóða fimleikasambandið bauð Antoni Heiðari Þórólfsyni að koma á mótið og dæma, sem er mikill heiður og TK er gríðarlega stolt af þessari viðurkenningu.

Heimsmeistaramót 3. - 12. október - Kína

Ísland sendi einn keppanda á mótið í senior flokki og engan dómara á mótið.

Norður Evrópumót 13. - 14. september Danmörk

Ísland sendi fullt lið í senior flokki. Dómara voru Björn Magnús Tómasson og Heimir Jón Gunnarsson.

Önnur verkefni

Íslenski fimleikastiginn fékk uppfærslu og fylgir nú stigakerfi alþjóðlegu fimleikareglanna.

Framundan á tímabilinu 2015 - 2016 eru NMJ og NM youth í Finnlandi í maí 2015, Evrópumót senior einstaklinga í Frakklandi vikuna 13. - 19. apríl 2015, Evrópuleikarnir í Baku, Azerbaijan 12.-28. júní, NEM í Írlandi í september, Norðurlandamót seniora og juniora á Íslandi í apríl 2016, NM youth og EM liða í maí. Ólympíuleikarnir eru á næsta tímabili, en þeir verða haldnir í Brasilíu í júlí og ágúst 2016. Síðast en ekki síst verður að nefna Smáþjóðaleikana sem haldnir verða á Íslandi í byrjun Júní 2015. Tækninefnd karla hvetur alla fimleikaáhugamenn til að skrá sig í sjálfboðahlutverk á mótinu eða mæta og hvetja í Laugabóli, þar sem keppnin verður haldin.

Þakkir:

Tækninefnd karla þakkar nefndarfólki í tækninefnd í áhaldfimleikum kvenna FSÍ og fræðslunefnd FSÍ fyrir gott samstarf.

Nefndin vill að lokum koma fram þökkum til allra þeirra sem lögðu henni lið á tímabilinu en góð samskipti og samvinna aðildarfélaga og starfsmanna þeirra og starfsfólks skrifstofu við nefndir FSÍ er lykillinn að farsælu starfi hreyfingarinnar.

Fh. Tækninefndar í áhaldafimleikum karla FSÍ

Sigurður Hrafn Pétursson og Anton Heiðar Þórólfsson

Skýrsla tækninefndar í hóp fimleikum

Nefndina skipuðu:

- Olga Bjarnadóttir formaður
- Hrafnhildur María Gunnarsdóttir varaformaður
- Íris Mist Magnúsdóttir ritari
- Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir
- Karen Jóhannsdóttir

Keppnisreglur á Íslandi

Kept var eftir CoP 2013 í meistaraflokkum og 1. flokki. Í 2. – 5. flokki voru gerðar aðlaganir og undantekningar frá CoP 2013. Stuðst var við þær undanþágur sem notaðar voru tímabilið á undan og reynsla þess tímabils notuð til að endurbæta íslensku reglurnar.

Deildarkeppninni var haldið áfram en árið 2013 var í fyrsta skipti prufað að skipta flokkunum uppí deildir eftir getu. Það tókst vel til og því var haldið áfram með það þetta tímabil. Í fjórða, þriðja og öðrum flokki eru sjö lið í hverri deild en í fyrsta flokki og meistaraflokki eru 5 lið í hverri deild. Fyrsta skipti í vetur þá náðist að keppa í þremur deildum í 4. flokki sem verður að teljast gott merki um fjölgun í íþróttgreininni. Í þriðja flokki og öðrum flokki náðist að keppa í tveimur deildum. Ekki náðist fjöldi liða í 1. flokk til að skipta upp í fleiri en eina deild. Í meistaraflokki gátu lið skráð sig fyrirfram í A-deild eða B-deild en það er nýjung. Síðustu ár hafa liðin að hámarki verið þrjú til fjögur sem hafa keppt í meistaraflokki. Til að reyna að fjölga þeim var brugðið á það ráð að liðin gátu skráð sig í B-deild en ef ákveðið skor náðist þurfti liðið að færast upp í A-deild á næsta móti. Þetta mæltist vel fyrir og voru 4 lið skráð í B-deild í Meistaraflokki í vetur sem verður að teljast framför. Í heildina kepptu þá sjö lið í meistaraflokki kvenna á þessu keppnistímabili. Í meistaraflokki blandaðra liða kepptu þrjú lið og í karlaflokki eitt lið. Vonandi verður þetta fyrirkomulag til að fjölga keppendum í elstu flokkunum í framtíðinni.

Innlend mót

Haldin voru sex mót á tímabilinu í hóp fimleikum, þar af eitt á haustönn og svo fimm á vorönn. RIG hefur þar til í vetur verið hóp fimleikamót en því var breytt í áhaldafimleikamót þetta tímabilið. Í staðinn var sett á fyrirtækjamót og var það haldið á Akureyri. Síðan var haldið Íslandsmót unglunga sem er það fjölmennasta í greininni til þessa, Bikarmót, Íslandsmót og svo um miðjan maí verður haldið Vormót. Liðin höfðu um 3 til 4 mót að velja til að keppa á yfir tímabilið en þrjú mót töldu inni Deildarkeppnina.

Úrtökumót fyrir Norðurlandamót fullorðina

Fyrirtækjamót, Bikarmót og fyrri dagur Íslandsmót voru notuð til að skera úr um hvaða lið næðu þátttökurétti á norðurlandamóti fullorðina næsta haust. Liðin fengu stig eftir hvert mót eftir því í hvaða sætum þau lentu. Þegar þetta er skrifað hefur stjórn ekki tekið fyrir tillögur að þáttökuliðum fyrir svo það verður ekki ritað hér.

Dómaranámskeið

Á haustönn var haldið dómaranámskeið í hópfirmleikum. Námskeiðið er með þeim fjölmennari sem haldin hafa verið og gekk það vel. Kennarar voru Hrafnhildur María Gunnarsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Olga Bjarnadóttir og Sólveig Jónsdóttir. Þær eru allar með réttindi sem alþjóðlegir dómara. Námskeiðið gekk vel og hlutu margir dómarréttindi.

Dómaraskipan á mót

Á fámennari mótunum sem eru mót eldri flokka hefur reynst erfitt að manna dómara á mótin. Það eru færri félög sem eru að skila inn liðum í keppni sem verður til þess að dómarakvótinn nægir ekki til að manna dómaraþorðin. Á bikarmóti var brugðið á það ráð að nota prósentuhlutfall af liðum til að manna dómaraþorðin því annars hefðu mótin ekki getað farið fram. Þetta er eitthvað sem þyrfti að endurskoða fyrir komandi tímabil. THF sótti um til stjórnar FSÍ að fá til landsins erlenda dómara á Íslandsmót. Vel var tekið í það erindi en ekki náðist að fá dómara til landsins vegna anna hjá þeim heimafyrir. Fyrirvarinn var of stuttur.

Keppnisnúmer

Í vetur var í fyrsta skipti gerð krafa um það á meistaraflokksmótum að liðin væru með keppnisnúmer á göllum. Þetta var til reynslu og fyrst og fremst gert til að auðvelda áhorfendum heima í stofu að þekkja keppendur á gólfinu. RUV var mjög ánægt með þetta fyrirkomulag enda engan veginn hægt fyrir íþróttamenn RUV að þekkja keppendur í sundur á gólfinu. Í framhaldi væri hægt að taka þetta lengra en með því að nöfn og númer keppenda væri í mótaskrá eða á netinu gætu áhorfendur í sal einnig fylgst betur með. Enn fremur væri hægt að nota númerin til að vinna tölfraðilegar upplýsingar í stökkum og dansi sem væri hægt að nota til viðbótar þegar valið er í landslið í hópfirmleikum.

Stökkfimi

Reglurnar í stökkfimi voru aðeins endurskoðaðar og breyttar að því leitinu að stofnaður var opinn flokkur og erfiðleikinn í æfingum opnaður. Stökkfimi nýtur síaukinna vinsælda og voru bæði mótin sem haldin eru í greininni þá annars vegar Íslandsmótið og Bikarmótið hinsvegar mjög fjölmenn og gengu vel fyrir sig. Á Íslandsmótinu er keppt í einstaklingskeppni en á Bikarmótinu er keppt í liðakeppni. Fámennari félögin hafa verið iðin við að senda þátttakendur og fjölmennari félögin hafa notað þetta mót til að finna öllum verkefni.

Evrópumótið í hópfirmleikum

Það sem kom að tækninefndinni hvað varðar undirbúning Evrópumótsins í hópfirmleikum snéri aðallega að mönnun sjálfbóðaliða í fagleg störf eins og ritara sem við gerðum kröfu á að væru með dómarréttindi til að hægt væri að taka tölfraðilegar upplýsingar um leið. Þessar upplýsingar voru notaðar til að velja í Allstars lið mótsins. Eins mannaði THF allar þær sjálfbóðaliðastöður sem snéru beint að mótahaldinu sjálfu. Það gekk mjög vel og færur við þeim sem lögðu hönd á plóg þakkir fyrir. Skemmst er frá því að segja að Evrópumótið í hópfirmleikum var mjög vel heppnað í alla staði og árangurinn góður. Mikið af drengjum kepptu fyrir íslandshönd sem er mikið fagnaðarefni en undanfarin ár hefur THF barist fyrir aukinni þátttöku drengja í greininni og það er að skila sér jafnt og þétt þó vinnan sé hvergi nærri búin í þeim efnun.

Fjölmiðlar

RUV hefur enn og aftur verið með okkur í liði enda flottur samningur í gangi á milli Fimleikasambandsins og RUV. Þeir fjölmiðlamenn sem sýna íþróttinni síaukin áhuga fá þakkir fyrir góða umfjöllun og með von um enn meira samstarf í framtíðinni. RUV sýndi beint frá Evrópumótinu, Bikarmótinu og Íslandsmótinu í hópfirmleikum.

Skýrsla landsliðsþjálfara í hópfirmleikum



SKÝRSLA YFIR LANDSLIÐSÞJÁLFA

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Yfirþjálfari landsliðsmála í hópfirmleikum

Undirbúningur landsliðanna fyrir Evrópumótið í hópfirmleikum 2014

Undirbúningur fyrir Evrópumótið í hópfirmleikum hófst formlega í janúar 2014 en þá hafði stjórn Fimleikasambandsins tekið ákvörðun um að Ísland myndi senda fimm landslið á mótið, tvö í fullorðinsflokki og þrjú í unglingsflokki. Fyrsta verkefni sviðstjóra og yfirþjálfara landsliðanna var því að sjá um ráðningu landsliðsþjálfara fyrir liðin fimm. Eftirfarandi voru landsliðsþjálfarar:

Kvennalið:

Björn Björnsson
Bjarni Gíslason
Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir
Ásta Þyrí Emilsdóttir

Blandað lið fullorðinna:

Alice Flodin
Daniel Bay Jenssen
Þórarinn Reynir Valgeirsson

Stúlknalið:

Ásta Þyrí Emilsdóttir
Niclaes Jerkeholt
Kenneth H. Christiansen

Blandað lið unglinga:

Tanja Birgisdóttir
Tanja Kristín Leifsdóttir
Kristinn Þór Guðlaugsson

Drengjalið:

Henrik Pilgaard
Niklas Boris
Yrsa Ívarsdóttir

Úrvalshópar

Næsta verk var svo að velja fyrsta úrvalshóp iðkenda fyrir verkefnið. Settur var upp vinnufundur með landsliðsþjálfurum þar sem búin var til vettvangur þar sem þjálfarar gátu sett saman upp skipulag og samræmt vinnuaðferðir. Fyrirkomulagið gafst vel og voru markmið fundarins eftirfarandi:

- að landsliðsþjálfarar og sviðstjóri landsliðsmála forgangsraði verkefnum og viðburðum tengdum mótinu.
- að ákveða hvernig vali á þátttakendum í landsliðshóp verður háttað.
- að fræða landsliðsþjálfara um helstu þætti sem snúa að öðrum þáttum tengdum verkefninu líkt og markaðsmálum ofl.
- að þjálfarar og aðrir sem koma að verkefninu setji upp æfingaáætlun og markmið fyrir hvern úrvalshóp.

Á fundunum voru settar voru upp lágmarks kröfur sem sendar voru til allra aðildafélaga Fimleikasambandsins og iðkendum sem uppfylltu kröfurnar boðið að mæta og taka þátt í úrtökum fyrir úrvalshóp landsliðanna. Alls mættu um 120 iðkendur til leiks og var hópnum skipt upp í úrtöku fyrir unglíngahóp og fullorðinshóp. Þjálfarar allra fimm liðanna komu að úrtökunum og var stuðst við samskonar mælingar til að halda gangsaði og samræmingu í vinnubrögðum milli unglíngahóps og fullorðinshóps. Í byrjun febrúar voru svo tilnefndir 36 fimleikamenn í úrvalshóp fullorðinna og 54 í úrvalshóp unglínginga. Styrkleiki okkar hingað til hefur verið nálægð fimleikafélaganna, þar sem lang flestir búa á höfuðborgarsvæðinu. Þannig gátum við sett upp æfingaplan fyrir úrvalshópanna fram í ágúst með þá áherslu að auka æfingar jafnt og þétt eftir því sem nær dró að Evrópumótinu. Í byrjun maí eftir að keppnistímabili félagsliðanna var lokið var svo úrvalshópunum skipt upp í landsliðin fimm. Ákveðið var að val í kvennalið hefði forgang umfram blandað lið fullorðna. Sömu sögu var að segja með stúlknaliðið sem hafði forgang umfram blandað lið unglínginga en það hafði svo aftur á móti forganga á dregjaliðið. Á þeim tímapunkti var liðmönnum öllum einnig gert grein fyrir því að breytingar gætu orðið á hvaða liði þeir tilheyrðu og tilfæringar á milli liða mögulegar fram í ágúst þegar lokahópur yrði valinn.

Æfingabúðir

Í júlí 2014 var farið með úrvalshópna í æfingabúðir til Svenborg í Danmörku. Æfingabúðirnar stóðu yfir í 10 daga og reyndust okkar iðkendur og þjálfurum mjög vel í undirbúningi fyrir mótið.

Markmiðið með æfingabúðunum var eftirfarandi:

- að hefja vinnu við að setja saman sterkustu liðsheildina
- að iðkendur og þjálfarar byrji að mynda félagsleg tengsl
- að hefja strax vinnu við gólfæfingar

Þarna gafst þjálfurum tækifæri á að sjá hvernig einstaklingum í hópnum gekk að vinna saman, sem er mikilvæg innsýn áður en lokahópur er valinn.

Landsliðshópur valinn

Í ágúst var svo komið að því að velja endanlega landsliðshópa og var boðað til annars vinnufundar allra landsliðsþjálfaranna. Markmið fundarins var eftirfarandi:

- að setja upp nýtt æfingarplan fram að móti fyrir hvert lið
- að skoða og meta stöðu iðkenda í úrvalshópi og sjá hvort einhverjir væru betur nýttir í öðru liði.
- þjálfara skipuleggi einstaklingsfund með sínum liðsmönnum þar sem farið er yfir stöðu hans innan liðsins.

Yfirlandsliðsþjálfari setti upp nýtt æfingaplan fyrir hvert lið fram að móti í samráði við þjálfara liðanna. Farið var yfir stöðu úrvalshópanna, æfingabúðirnar og stöðu hvers og eins liðs og liðsmanna innan þess. Í framhaldi af því boðuðu þjálfarar iðkendur á einstaklingsfundi þar sem þeim var gerð grein fyrir stöðu þeirra innan hópsins og farið yfir markmið fram að móti.

Liðin æfðu að jafnaði 4-5 sinnum saman í viku eða um 15 klst á viku. Okkar helstu keppinautar búa ekki svo vel að geta leyft sér að æfa jafn stíft saman á lokaundirbúningi vegna landfræðilegra þátta sem hefur hingað til veitt okkur visst forskot í keppninni um gullið. Það að geta æft mikið saman hefur ekki aðeins gefið okkur kost á því að æfa hæfni í fimleikaæfingunum sjálfum og samhæft hreyfingar sem krefjast þess að allir séu á sama stað á sama tíman en það er ein helsta forsenda að

dæmast vel í hóp fimleikum, hefur það einnig gefið okkur tækifæri til að huga vel að félagslega þættinum sem aldrei má vanmeta í hópíþrótt.

Sú staðreynd að okkar lið gátu æft jafn mikið saman og raun bar vitni vil ég telja að sé ein helsta ástæða þess að öll okkar landslið komust í úrslit á mótinu.

Hvað getum við lært ?

Íslenskt fimleikafólk upplifði aðstæður sem voru draumi líkastar á Evrópumótinu 2014, þar sem umgjörð og skipulag var til fyrirmyndar. Keppendur fundu fyrir miklum stuðningi íslensku þjóðarinnar og fengu tækifæri til að uppskera erfiði undanfarna mánaða í sal fullum af áhorfendum sem hvatti þá áfram af sannri innlifun. Þessi upplifun varð til þess að bæði keppendur og þjálfarar eru staðráðnir í að æfa að baki brotnu og koma ennþá sterkari til leiks á næsta Evrópumóti.

Nokkrir hlutir sitja eftir sem ég myndi vilja huga betur að fyrir næsta mót og eru þeir eftirfarandi:

- æskilegt væri að byrja fyrr með verkefnið og mikilvægt að árið 2015 sé nýtt vel til skipulags og undirbúnings fyrir komandi Evrópumót 2016.
- auka þarf upplýsingaflæði, skýra og auðvelda boðleiðir milli stjórnenda, þjálfara, liðsmanna og forráðamanna.
- hlutverk stjórnenda og þjálfara má einnig skýra betur til að auka skilvirkni í vinnubrögðum.
- setja þarf upp ítarlegri vinnuramma um hvernig standa eigi að vali iðkenda inn í lið svo sömu aðferðafræði sé beitt milli landsliða. Einnig er mikilvægt að beitt sé væntingastjórnun í aðdraganda þess að valið sé í lið.

Jafnframt er nauðsynlegt að taka þátt í æfingabúðum, millilandamótum og boðsmótum til að í að viðhalda og auka breiddina í landsliðshópnum. Á þessu mótum gefst dýrmætt tækifæri til að staðsetja sig meðal keppnauta og skapa þær félagslegu aðstæður sem eru keppendum í hóp íþrótt svo mikilvægar, þar sem félagslegi þátturinn er oft vanmetinn. Þátttaka í keppni er besti undirbúningur sem völ er á fyrir keppendur með jafn háleit markmið og sett hafa verið fyrir 2016.

Vegferð íslenskra hóp fimleika hefur nú þegar skrifað sig í sögubækurnar í íslenski íþróttasögu. Sigrarnir sem unnist hafa, hafa aukið vegferð fimleikanna í landinu og gert ungu fimleikafólki kleift að líta upp til fyrirmynda sem svo sannarlega eru stolt sinnar íþróttar. Í ár var markið sett hátt og ljóst er að ekki náðist að uppfylla það að öllu leyti þrátt fyrir dugnað, eljusemi og ástríðu. Niðurstaðan var hinsvegar góð og gekk fimleikafólkið frá borði með brosi á vör og sáttt við sitt framlag.

Það sem eftir situr er sú staðreynd að Ísland hefur verið í hlutverki bílstjóra í framþróun greinarinnar og fundum við fyrir því að samkeppnin um það hlutverk er orðin gríðarleg. Landfræðilegir styrkleikar okkar duga ekki lengur til, okkar helstu andstæðingar hafa skipt um gir og ef við viljum halda okkar stöðu þá verðum við að líta inn á við, vera óhrædd við að gagnrýna okkur sjálf og gera okkur gein fyrir hvar við getum bætt í. Í ár var í fyrsta skipti keppt með landslið sem samsett var úr nokkrum félagsliðum, það þýðir að keppendur höfðu ekki fengið tækifæri til að keppa saman sem lið áður og einungis æft saman í nokkra mánuði. Þegar Ísland vann gull árin 2010 og 2012 var það lið Gerplu sem var útnefnt sem landslið og spannaði undirbúningur vel á annað ár fyrir hvort mót. Liðið í ár var skipað sterkari fimleikamönnum en áður og allar forsendur voru til staðar til að ná settum markmiðum, heimavöllurinn var aukinn styrkur, þjálfararnir stóðu sig með mikilli þryði og Fimleikasambandið hefur ekki langt jafn mikið í undirbúning liða áður.


Eftir stendur að þrátt fyrir metnað allra þeirra sem komu að verkefninu, sem nálgust það af heilum hug og settu allt sem þeir áttu í það, að undirbúningur við að búa til liðsheild verður einfaldlega að

spanna lengra tímabil með fleiri tækifærum til að stilla saman hópinn í keppni líkt og okkar helstu andstæðingar gera og uppskáru svo glæsilega í ár.

